



Borgarráð

Reykjavík, 16. desember 2024  
MSS23120114

## Áfangaskýrsla Græna plansins janúar-júní 2024

Lögð er fram til kynningar áfangaskýrsla Græna plansins fyrir janúar-júní 2024. Í skýrslunni er staða tekin á aðgerðum úr aðgerðaáætlun stefnunnar sem samþykkt var af borgarráði 21. desember 2023.

### *Greinargerð:*

Græna planið, heildarstefna Reykjavíkurborgar sem mótar framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030, var samþykkt af borgarráði í endurskoðaðri útgáfu þann 17. mars 2022. Með áherslu á umhverfi, efnahag og samfélag veitir planið skýra stefnu og heldur utan um fimmtán lykiláherslur sem mynda sameiginlegt leiðarljós fyrir alla starfsemi Reykjavíkurborgar.

Áfangaskýrslu Græna plansins er skipt í þrjá meginflokka: Græna borg, Vaxandi borg og Borg fyrir fólk. Í skýrslunni eru aðgerðir flokkaðar í samræmi við þær lykiláherslur sem þær tengjast, sem auðveldar yfirsýn og tengir verkefnið við stefnuna.

Með útgáfu áfangaskýrslunnar er öllum sem áhuga hafa gert kleift að fá skýra og aðgengilega yfirsýn yfir helstu aðgerðir Reykjavíkurborgar. Skýrslan stuðlar jafnframt að gagnsæi og aðhaldi innan borgarkerfisins og tryggir að forgangsörðun verkefna sé í samræmi við markmið Græna plansins og aðrar samþykktar stefnur borgarinnar.

Atvinnu- og borgarþróunarteymi ber ábyrgð á gerð áfangaskýrslunnar og vinnur hana í samstarfi við starfshóp Græna plansins. Skýrslan er gefin út tvisvar á ári, sem tryggir reglulega endurskoðun og framgang verkefna.

Nánari upplýsingar um Græna planið, þar á meðal stöðulýsingar einstakra aðgerða, má finna á [www.reykjavik.is/graenaplanid](http://www.reykjavik.is/graenaplanid).

Einar Þorsteinsson  
borgarstjóri

Hjálagt:  
Áfangaskýrsla Græna plansins  
Græna planið



Reykjavík

# Áfangaskýrsla Græna plansins

janúar – júní 2024





# Inngangur

Græna planið, heildarstefna Reykjavíkurborgar sem mótar framtíðarsýn borgarinnar til ársins 2030, var samþykkt af borgarráði í endurskoðaðri útgáfu þann 17. mars 2022. Með áherslu á umhverfi, efnahag og samfélag veitir planið skýra stefnu og heldur utan um fimmtán lykiláherslur sem mynda sameiginlegt leiðarljós fyrir alla starfsemi Reykjavíkurborgar.

Áfangaskýrslu Græna plansins er skipt í þrjá meginflokka: Græna borg, Vaxandi borg og Borg fyrir fólk. Í skýrslunni eru aðgerðir flokkaðar í samræmi við þær lykiláherslur sem þær tengjast, sem auðveldar yfirsýn og tengir verkefnið við stefnuna.

Með útgáfu áfangaskýrslunnar er öllum sem áhuga hafa gert kleift að fá skýra og aðgengilega yfirsýn yfir helstu aðgerðir Reykjavíkurborgar. Skýrslan stuðlar jafnframt að gagnsæi og aðhaldi innan borgarkerfisins og tryggir að forgangs röðun verkefna sé í samræmi við markmið Græna plansins og aðrar samþykktar stefnur borgarinnar.

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara ber ábyrgð á gerð áfangaskýrslunnar og vinnur hana í samstarfi við starfshóp Græna plansins. Skýrslan er gefin út tvisvar á ári, sem tryggir reglulega endurskoðun og framgang verkefna.

Nánari upplýsingar um Græna planið, þar á meðal stöðulýsingar einstakra aðgerða, má finna á [www.reykjavik.is/graenaplanid](http://www.reykjavik.is/graenaplanid).





# Yfirlit

## Græn borg

1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða
3. Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga
4. Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum
5. Vistvænar samgöngur

## Vaxandi borg

1. Ábyrg fjármálastjórnun
2. Þétt og blönduð byggð
3. Ný atvinnutækifæri framtíðar
4. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun

## Borg fyrir fólk

1. Fyrir okkur öll
2. Látum draumana rætast
3. Menning og listir verða samofin borgarlífinu
4. Íþróttir fyrir öll
5. Bætt lýðheilsa
6. Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa

## Stoðaðgerðir

## Samvinna við fyrirtæki borgarinnar





Framtíðarsýn Græna plansins  
í umhverfis- og loftslagsmálum

# Græn borg





## Framtíðarsýn Græna plansins í umhverfis- og loftslagsmálum

Reykjavík er blómleg, skemmtileg og heilbrigð borg sem verður kolefnishlutlaus árið 2040.

Þessi framtíðarsýn er útfærð nánar í tveimur lykilstefnum:

- Loftslagsstefnu
- Aðalskipulag 2040





# Helstu markmið í umhverfis- og loftslagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Samdráttur í losun gróðurhúsalofttegunda
2. Aukin kolefnisbinding og efling grænna svæða
3. Borgin aðlöguð að áhrifum loftslagsbreytinga
4. Bætt aðgengi að heilnæmum útivistarmöguleikum og matvælum
5. Vistvænar samgöngur



Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Loftslagssamningur - Evrópusamstarf um kolefnishlutlausar og snjallar borgir 2030</b>	Reykjavíkurborg hefur verið valin til að taka þátt í Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir fyrir árið 2030. Markmið verkefnisins er að þátttökuborgirnar, 112 borgir, verði kolefnishlutlausar og snjallar árið 2030. Þær verða miðstöðvar rannsókna og nýsköpunar til að gera öllum öðrum borgum í Evrópu kleift að verða kolefnishlutlausar og snjallar fyrir árið 2050. Næsta ár mun því einkennast af endurskoðun á fyrri markmiðum og undirbúningi Loftslagsborgarsamnings sem er forsenda fyrir þátttöku í verkefni. Fyrri markmið um kolefnishlutleysi árið 2040 verður endurskoðað og flýtt til ársins 2030, a.m.k. losun sem er skilgreind innan BASIC+.	Í vinnslu - 2/2 2025	Undirbúningur að fyrsta loftslagsborgarsamningi stóð yfir sumarið 2024. Sumarið 2024 var Reykjavíkurborg á meðal 25 borga sem fá styrk frá Evrópusambandinu til nýsköpunarverkefna í loftslagsmálum. Til viðbótar við titilinn mission borg fær Reykjavík nú titilinn „Pilot borg“ enda er litið til þessara borga sem fyrirmynd annarra um að hraða þessu ferli með ýmiss konar nýsköpun í fjölbreyttum loftslagsverkefnum. Styrkurinn á að styðja við markmið borganna um að flýta vegferð sinni í átt að kolefnishlutleysi fram til ársins 2030.	Loftslagsstefna  Atvinnu- og nýsköpunarstefna  Alþjóðastefna	USK FAS SBB MAR
<b>Stöðutaka á losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar</b>	Nokkuð er síðan mat á losun gróðurhúsalofttegunda vegna landnotkunar hefur farið fram. Gert er ráð fyrir að nýtt mat verði unnið á árinu 2024.	Ekki hafið - 2/2 2024	Staðan er óbreytt. Sett á áætlun að taka til skoðunar 2025.	Loftslagsstefna	USK
<b>Réttlát umskipti loftslagsmála</b>	Vegna þátttöku og skuldbindinga í Global Covenant of Mayors er gerð krafa um að greina aðgerðir í loftslagsmálum og hvernig réttlát umskipti eru tryggð. Unnin hefur verið jafnréttisgreining en gert er ráð fyrir að unnin verði greining á réttlátum umskiptum fyrir lok árs 2025.	Í vinnslu - 2/2 2025	Verður unnið 2025.	Loftslagsstefna  Mannréttinda-stefna	USK MAR
<b>Vistvænar samgöngur</b>	Þeir þættir sem hafa mest áhrif til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna eru áherslur í skipulagi, fókus á örflæðilausnir og gangandi og aukin hlutdeild innlendra endurnýjanlegra orkugjafa á kostnað jarðefnaeldneytis. Sjá nánar um vistvænar samgöngur undir markmiði 5 <i>Vistvænar samgöngur</i> í aðgerðum undir kaflanum Græn borg.	Í vinnslu - 2/2 2030	Sjá nánar um vistvænar samgöngur undir markmiði 5 Vistvænar samgöngur í aðgerðum undir kaflanum Græn borg.	Loftslagsstefna  Aðalskipulag 2040	USK
<b>Hringrásargarður á Álfsnesi</b>	Eitt stærsta verkefni næstu ára verður að innleiða hringrásarhagkerfi í auknum mæli, þar sem munir og efni er betur nýtt, endumýtt og endurunnið. Markmiðið með Hringrásargaði á Álfsnesi er að minnka sóun og bæta nýtingu. Hringrásargarður á Álfsnesi getur orðið mikilvægur liður í að efla hringrásarhagkerfið í Reykjavík en með þróun verkefnisins er markmiðið að stuðla að auknu samstarfi, verkefnum og nýsköpun þegar kemur að hringrás muna og efna til að ná megi markmiðum um að hætta urðun og stuðla að því að svokallaðir úrgangstraumar verði að auðindum. Ráðgjafateymi hefur unnið og skilað af sér fýsileikagreiningu fyrir Hringrásargaðinn. Á grunni skýrslunnar mun þróunar- og skipulagsvinna nú hefjast.	Í vinnslu - 2/2 2025	Á fundi borgarráðs 15. febrúar 2024 var samþykkt að næstu skref í þróun á Hringrásargaði á Álfsnesi verði tekin. Jafnframt var lögð fram til kynningar skýrslan Hringrásargaður á Álfsnesi – fýsileikagreining unnin fyrir starfshóp Reykjavíkurborgar og samstarfsaðila af ráðgjafateyminu ReSource International ehf., Transition Labs ehf. og M/STUDIO Reykjavík ehf.  Sjá minnisblað um næstu skref þróunar hringrásargaðsins og fýsileikagreiningu <a href="#">hér</a> .  Atvinnu- og borgarþróunarteymi vinnur náið með umhverfis- og skipulagssviði til að tryggja að þróunaráæun og rammaskipulagsvinna verði samþætt.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB USK
<b>Hringrásaráherslur - Flokkun og hirða á lífrænum úrgangi</b>	Umfangsmiklar breytingar urðu á lögum um úrgangsmál árið 2021 sem koma flestar til framkvæmda 1. janúar 2023. Með lögum verður lögð aukin skylda á einstaklinga og lögaðila til að flokka úrgang og merkingu íláta og innheimtu gjalda fyrir meðhöndlun úrgangs. Breytingu á sorphirðu við heimili er lokið. Breyting á söfnun við grenndarstöðvar mun fara fram fyrir hluta árs 2024.	Í vinnslu - 1/2 2024	Innleiðingu lokið. Heimili flokka nú í fjóra úrgangsflokka í tinnur við heimili; pappír og pappi, plastumbúðir, matarleifar og blandaðan úrgang. Málmumbúðum, glerumbúðum og textíl, bæði notuðum og ónothæfum er sérsafnað á þá grenndarstöð sem er næst íbúum. Stórar grenndarstöðvar taka á móti pappír og pappi, plastumbúðum, gleri, málmumbúðum, textíl og skilgjaldsskyldum flöskum og dósum. Þessar stöðvar eru aðgengilegar íbúum í flestum hverfum svo íbúar geti losað sig við plast, pappír og pappi sem fellur óreglulega til eins og t.d. um jól.	Loftslagsstefna	USK



Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Vistvænni mannvirki</b>	Losun vegna mannvirkjagerðar í Reykjavík er að mestu leyti í umfangi 3 og er utan við kröfur um loftslagssamning þar til eftir 2030. Engu að síður er verið að vinna að því að draga úr losun vegna mannvirkjagerðar og unnið í hauginn fyrir loftslagssamningatímabilið eftir 2030. Reykjavíkurborg vann að og hefur nú tekið sæti í verkefnastjórn hjá Byggjum grænni framtíð sem er samstarfsverkefni stjórnvalda og hagaðila byggingariðnaðarinnar um vistvæna mannvirkjagerð. Verkefnið á meðal annars rætur sínar að rekja til aðgerðar C.3 í aðgerðaáætlun stjórnvalda í loftlagsmálum. Vinnan felst í því að meta árlega losun mannvirkjageirans, setja markmið um að draga úr þeirri losun til ársins 2030, skilgreina aðgerðir til að ná þeim markmiðum og svo vinna markvisst að aðgerðunum.	Í vinnslu - 2/2 2030	<p>Uppbyggingarverkefni sem má nefna sem hafa sérlegan fókus á vistvæn mannvirki eru Veðurstofuhæð, þar sem skipulag hefur verið auglýst og Frakkastígur 1 þar sem framkvæmdir hafa verið hafnar. Bæði uppbyggingarverkefni eru hluti af verkefninu Grænt húsnaði framtíðarinnar. Auk þess hefur viljayfirlýsing við Veitur verið skrifuð vegna Lágmúla 2 og nýtt skipulag auglýst við Ártúnshöfða 2. Skipt hefur verið um viðmælanda á Sævarhöfða og skipulagsfyrirspurnir borist varðandi Gufunesbryggju. Þessi fjögur verkefni eru öll hluti af C40 verkefninu Reinventing Cities.</p> <p>Unnið er að fjölga umhverfisvottana á byggingum í eigu borgarinnar. Sex umsóknir hafa verið sendar inn til Umhverfisstofnunar um Svansvottaðar endurbætur.</p> <p>Unnið er að því að ljúka við uppfærslu á grænum ramma (Green Bond Framework) Reykjavíkurborgar vegna útgáfu grænna skuldabréfa. Í græna ramma er skilgreint hvaða fjárfestingar geta fallið undir fjármögnun Reykjavíkurborgar með grænum skuldabréfum. Í nýjum ramma uppfylla BREEAM, LEED og Svansvottun sem og sambærilegar vottanir fyrir byggingar skilyrði græna rammans að uppfylltum sértækum viðmiðum. Þar að auki munu verkefni þar sem orkunýtni er bætt um 30% eða meira falla undir græna rammann. Unnið er að viðhaldi bygginga borgarinnar þar sem orkunýtni í eldri byggingum mun vera bætt með ýmsum aðgerðum, t.a.m. einangrun útveggja og þaks, uppsetningu loftræsikerfa o.fl.</p> <p>LOKI-kolefnisreiknir var gefinn út af Vegagerðinni sem lét þróa hann og smíða fyrir innviðaframkvæmdir á hönnunarstigi. Reykjavíkurborg var þátttakandi í verkefninu ásamt Eflu, ÍstaK, Veitum og Kópavogsbæ. Markmið kolefnisreiknisins er m.a. að hægt verði að nýta hann við greiningu valkosta til að draga úr kolefnisspori mannvirkjagerðar.</p> <p>Reykjavíkurborg á sæti í verkefnastjórn Byggjum grænni framtíð og er nú unnið að því að uppfæra aðgerðaáætlun vegvísisins.</p>	Loftslagsstefna Aðalskipulag 2040 Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB USK
<b>Umhverfisvottaðar byggingar borgarinnar</b>	Áhersla verður lögð á umhverfisvottun (Svansvottun) bygginga, bæði nýbygginga og endurgerðar- og viðhaldsverkefna á árunum 2024 - 2025. Fiskislóð og mannvirki í Úlfársárdal eru í BREEAM vottunarferli.	Í vinnslu - 2/2 2025	Unnið er að fjölga umhverfisvottunum á byggingum í eigu borgarinnar. Sex umsóknir hafa verið sendar inn til Umhverfisstofnunar um Svansvottaðar endurbætur; Fífuborg, Gærðaborg, Grandaborg, Hálsaborg, Hólabrekkuskóli og Vörðuskóli.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
<b>Orkuskipti í bílaflota borgarinnar</b>	Á árinu 2024 munu fara fram útboð á nýjum millistórum flokkabílum skrifstofu borgarlandsins á umhverfis- og skipulagssviði. Endumýjunin er hluti af nauðsynlegri endurnýjun bílaflota en einnig með orkuskipti í huga. Gert er ráð fyrir fjölgun hreinorkubíla.	Í vinnslu - 2/2 2024	Lokið hefur verið við útboð á flokkabílum og fólkabílum.	Loftslagsstefna	USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
Rafvæðing umsókna til byggingarfulltrúa	Markmiðið er að allar umsóknir og afgreiðsla mála verði rafræn og embættið verði pappírslaut með öllu. Nýtt rekstrar- og skjalakerfi fyrir Reykjavíkurborg hefur verið tekið í gagnid, lögbundin tenging gerð við mannvirkjaskrá Mannvirkjastofnunar og aukin rafræn afgreiðsla innleidd. Vinnulag embættisins hefur tekið miklum breytingum og uppsetning á nýju kerfi hefur verið í stöðugri þróun svo móttaka, afgreiðsla og varðveisla skjala og upplýsinga verði með sem bestu móti. Á árunum 2024-2025 verður áfram unnið að því að innleiða nýja verkferla sem styðja við rafvæðingu þjónustu byggingarfulltrúa.	Í vinnslu - 2/2 2025	Borgarráð samþykkti þann 25. janúar 2024 heimildarbeiðni þjónustu- og nýsköpunarsviðs fyrir hönd umhverfis- og skipulagssviðs að hefja verkefnið BYGG 2.0. Markmið og ávinningur verkefnisins eru: <ul style="list-style-type: none"> <li>— Gera umsóknir og eyðublöð BYGG sem enn eru ekki stafræn aðgengileg á Mínim síðum Reykjavíkurborgar.</li> <li>— Halda við og bæta eins og mögulegt er núverandi tengingu HMS og Hlöðunnar sem Hugvit vinnur að, þannig að hún skili tilhlyðilegum gögnum rétt og tímanlega til BYGG, þangað til hægt verður að taka upp nýja HMS-gátt.</li> <li>— Taka þátt í framþróun með HMS og Kolibri á nýrri gátt fyrir byggingarleyfisumsóknir og gagnaskil, að því marki sem uppfyllir kröfur borgarinnar fyrir umsóknir til BYGG.</li> <li>— Bæta verklag og framsetningu rafræns innsiglis og vatnsmerkinga BYGG á rafrænar teikningar.</li> <li>— Endurskoða framsetningu upplýsinga á vefsíðum BYGG út frá aðlöguðu og bættu vöru- og þjónustuframboði.</li> </ul>	Loftslagsstefna Þjónustu- og nýsköpunarstefna	USK PON
SPARCS	SPARCS (Sustainable energy Positive & zero cARbon CommunitieS) er stórt orkuskipta- og loftslagsverkefni styrkt af ESB. Verkefnið stuðlar að samvinnu borga í Evrópu í leit að nýjum og betri lausnum með það fyrir augum að umbreyta borgum í sjálfbær, kolefnishlutlaus vistkerfi sem leiða til bættra lífskjara íbúa. Sem samstarfsvettvangur 31 ólíkra aðila skapar verkefnið ný tækifæri í þróun og miðlun þekkingar á kolefnisjöfnun borga. Verkefnið styður við innleiðingu Græna plansins og þátttöku Reykjavíkurborgar í Evrópusamstarfi um kolefnishlutlausar og snjallar borgir.	Í vinnslu - 2/2 2024	Skýrslum með greiningum á innleiðingu, fjárfestingu, hindrunum og ráðleggingum fyrir Grænt húsnaði framtíðarinnar og Hlemm samgöngukjarna var skilað til framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins. Skjölín eru nú í skoðun hjá SPARCS ráðgjöfum frá BABLE SmartCities og Fraunhofer-Gesellschaft rannsóknarstofnuninni. <p>Verkefnastjóri SPARCS flutti kynningu og tók þátt í pallborðsumræðum á Evrópskri viku um sjálfbæra orkunotkun, sem haldin var í höfuðstöðvum framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins í Brussel.</p>	Alþjóðastefna Reykjavík til 2030 Loftslagsstefna	SBB

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Loftslagsskógar í Úlfarsfelli</b>	Loftslagsskógar í Úlfarsfelli eru samstarfsverkefni Reykjavíkurborgar og Skógræktarfélag Reykjavíkur sem hófst 2020 og er til 10 ára. Áætlað svæði til skógræktar er um 200 ha. Meginmarkmið ræktunar er aukin kolefnisbinding og uppbygging útivistarskóga.	Í vinnslu - 2/2 2030	2024 var gróðursett í 6,9 ha lands með 12.203 trjá- og runnplöntum. Í verkefninu hafa í heildina verið gróðursettar ríflega 104.000 skógarplöntur. Gerð var tilraun með dreifa moltu á tvö rýr svæði, samtals 0,1 ha. og sáð hvítmára og grasfræsblöndu.	Loftlagsstefna	USK
<b>Framkvæmdir í Öskjuhlíð</b>	Verið er að bæta aðgengi gangandi og hjólandi með stígagerð í Öskjuhlíð. Lokið var við stíg upp Öskjuhlíð frá Flugvallavegi 2021 og svo hafist handa við að leggja nýjan fræðslu- og upplifunarstíg skv. vinningstillögu í hönnunarsamkeppni frá 2013 sem kallast Perlufesti. Áhersla er lögð á aðgengi fyrir alla.	Í vinnslu - 2/2 2024	2024 var unninn lokafrágangur á lýstum timburstíg í austurhlíð Öskjuhlíðar og lokafrágangur á tengistíg með snjóbræðslu sunnan frá Perlunni. Sett var jöfnunarlög á stíg í suðurhlíð Öskjuhlíðar sem áður var búið að jarðvegsskipta.	Aðalskipulag 2040	USK
<b>Uppbygging á Austurheiðum</b>	Útivistarsvæðið Austurheiðar er alls um 930 ha svæði sem nær yfir Austurheiðarnar að mestu, Hólmsheiði, Grafarheiði og Reynisvatnsheiði. Innan svæðisins er Rauðavatn, Reynisvatn og Langavatn að hluta. Verkefnið er í samræmi við samþykkt Aðalskipulags Reykjavíkurborgar og styður við stefnu Reykjavíkurborgar um að efla lýðheilsu og gera aðgengilegt útivistarsvæði.  Verkefnið er byggt á samþykktu rammaskipulagi fyrir Austurheiðar sem samþykkt var af skipulags- og samgönguráði 10. mars 2021. Þá eru Austurheiðar hluti af Græna treflinum sem er samheiti yfir skógræktar- og útivistarsvæði á útmörkum sveitarfélaga sjö á höfuðborgarsvæðinu.  Markmiðin með gerð rammaskipulags fyrir Austurheiði eru margþætt og eiga að tryggja samræmingu landnotkunar innan svæðisins til að forðast hagsmunaaðreiktra milli núverandi og framtíðar landnotkunar á svæðinu.  Helstu markmið eru: <ul style="list-style-type: none"> <li>— Afmarka og skilgreina svæði eftir nýtingu þeirra.</li> <li>— Skapa fjölbreytt og aðgengilegt útivistarsvæði fyrir alla aldurshópa og ólíka notendahópa eins og fyrir hestafólk, gönguskiði, fjallahjól, torfæruhjól, göngu, skokk, sveppamó, berjamó, ferðaþjónustu og fisflug.</li> <li>— Ákvarða og skilgreina legu helstu vegtenginga og göngu-, hjóla og reiðleiða um svæðið.</li> <li>— Styrkja tengingu byggðar við útivistarsvæði.</li> <li>— Styrkja samspil og tengingu Austurheiða við aðliggjandi útivistarsvæði. Framkvæmdir við gerð útivistarsvæða skv. rammaskipulagi fóru af stað á árinu 2022 og er gert ráð fyrir áframhaldandi framkvæmdum 2024.</li> </ul>	Í vinnslu - 2/2 2024	2024 var unnið að uppsetningu vegpresta á stígakerfinu í grennd við Rauðvatn. Unnin voru frumdrög að bílastæðum og áningastað við Reynisvatn og óskað eftir úttekt á fornminjum á svæðinu. Skilgreint var skíðaspor á heiðunum og leiðin lagfærð s.s. fjarlægð tré á stöku stað og ýtt til grjóti og færðar þúfur. Minna varð úr framkvæmdum en til stóð þar sem fjarveitingar voru lækkaðar.	Aðalskipulag 2040  Lýðheilsustefna	USK
<b>Vatnaáætlun - aðgerðaáætlun</b>	Greinst hafa mengandi efni í Tjörninni. Greina þarf betur uppsprettur mengunar og í kjölfarið vinna aðgerðaráætlun um hvernig koma megri Tjörninni í betra horf. Sótt hefur verið um styrk í LIFE framkvæmdasjóð Evrópusambandsins. Um langtímaverkefni er að ræða þar sem verkefnahraði mun ráðast af því hvort eða hvenær styrkur hlýst.	Í vinnslu - 2/2 2025	Upplýst var sl. haust að styrkur fengist úr LIFE framkvæmdasjóði Evrópusambandsins sem byrjað verður að greiða 2025. Gangi allt eftir verður hafist handa við að skípuleggja sýnatöku 2025.	Loftlagsstefna  Þjónustu- og nýsköpunarstefna	USK PON

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Gróðurinn í borgarlandinu</b>	Reykjavíkurborg vill styrkja hlutverk sitt sem græn borg eins og tekið er fram í Aðalskipulagi borgarinnar. Stefnunni um Græna borg er ætlað að vera aflvaki góðs borgarlífs, stuðla að bættri lýðheilsu borgarbúa og auka græna ásýnd borgarinnar með trjám og öðrum gróðri. Framkvæmdir í verkefninu Græna netið hófust haustið 2020. Markmið verkefnisins er m.a. að auka sjálfbærni og líffræðilegan fjölbreytileika gróðursvæða með fjölbreyttu tegundavali þar sem trjágróður er ríkjandi. Einnig að styðja við ofanvatnslausnir og draga úr viðhaldsþörf gróðursvæða, m.a. grasslætti.	Í vinnslu - 2/2 2.030	2024 var endurplantað í nokkur svæði úr fyrri áfanga þar sem ekki hafði tekist nógu vel til.	Aðalskipulag 2040	USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
Flóðavamir verði útivistarsvæði og garðar	Vegna aukinnar úrkomu og hækkunar sjávarmáls þarf að aðlaga innviði að loftslagsbreytingum og tryggja viðnámsþrótt borgarinnar. Efling á flóðvörnum meðfram strandlengjunni þar sem þörf er á og stefnt að því að úr verði útivistarsvæði, strandgarðar og aðstaða til sjávarbaða á völdum stöðum.	Í vinnslu - 2/2 2025	Staðan er óbreytt.	Loflagsstefna	USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Haftengd útivist</b>	<a href="#">Skýrsla</a> um haftengda upplifun og útivist hefur verið gefin út. Fjármunir hafa verið veittir á fjárfestingaráætlun til að fylgja fyrstu verkefnum eftir. Næstu skref 2024 verða mat og forgangsröðun hugmynda með áherslu á aðgerðir sem ná til margra með lægstum tilkostnaði. Þá verður leitað eftir samstarfsaðilum til að nýta þessi tækifæri. Svæðin sem voru nefnd í skýrslunni eru Nauthólsvík, Nýi Skerjafjörður, Ægisíða, Laugarnes, Bryggjuhverfi vestur, bryggjuhverfi við Grafarvog, Viðey, Gufunes, Górvík og Blikastaðakró ásamt Kjalarnesi.	Í vinnslu - 2/2 2025	Unnið hefur verið að því að útfæra og koma aðgerðum sem lagðar voru til í skýrslunni til framkvæmda. Sem dæmi má nefna var sumarið 2024 rekið Parísarhjóla á Miðbakka líkt og starfshópur lagði til og útbúin hefur verið aðstaða fyrir þá sem stunda sjósund í Gufunesi.	Aðalskipulag 2040 Lýðheilsustefna	SBB USK
<b>Auka við upplýsingar um loftgæðamál</b>	Markmiðið er að bæta aðgengi almennings að upplýsingum um loftgæði, fjölga mælum og þétta mælanetið. Auk þess er markmiðið að fækka dögum þar sem farið er yfir heilsuverndarmörk vegna mengunar frá umferð.	Í vinnslu - 2/2 2025	Aðgengi að upplýsingum er óbreytt og eru upplýsingar aðgengilegar á vef Umhverfisstofnunar á <a href="http://www.loftgaedi.is">www.loftgaedi.is</a> .	Aðalskipulag 2040 Loftlagsstefna	HER
<b>Útboð og innleiðing eldhúsumsjóna-kerfis fyrir velferðarsvið og skóla- og frístundasvið</b>	Útboði er lokið. Við tekur úrvinnsla tilboða og því næst innleiðing á kerfi.  Markmiðið er að: <ul style="list-style-type: none"> <li>— Minnka matarsóun með betri nýtingu matvæla og einfaldara pöntunarkerfi</li> <li>— Samræma uppskriftir og innkaup</li> <li>— Sýna kolefnisspor máltíða</li> <li>— Auka gæðaeftirlit</li> <li>— Bæta upplýsingagjöf varðandi næringarinnihald matvæla, uppruna og ofnæmisvalda</li> </ul>	Í vinnslu - 2/2 2024	Útboði er lokið. Hafin er innleiðing á eldhúsumsjónarkerfinu Matilda sem inniheldur upplýsingar um allt hráefni (innihald og næringargildi), uppskriftir, matseðla, notendur, birgja, pantanir, innkaup, framleiðslu og afhendingu á mat og máltíðum, ásamt annarri starfsemi í eldhúsinu. Eldhúsumsjónarkerfið mun leysa af hólmi eldra kerfi sem hefur verið í notkun hjá velferðarsviði og skóla- og frístundasviði Reykjavíkurborgar um árabíl en með tilkomu nýs kerfis verður það tryggt að umgjörðin í kringum þjónustuna verði í samræmi við nútímakröfur á þessu sviði.	Matarstefna	VEL SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Hlemmsvæðið</b>	Hlemmsvæðið mun taka verulegum stakkaskiptum í framtíðinni og unnið er að nýju skipulagi sem á að stuðla að góðu mannlífi og sambúð ólíkra hópa. Á svæðinu mun rísa nýtt torgsvæði sem mun skapa ramma utan um fjölbreytt mannlíf, veita skjól og vera spennandi dvalarsvæði. Nýtt skipulag gerir ráð fyrir legu Borgarlínu um Hlemm og eru almenningssamgöngur og virkir ferðamatár settir í forgang á svæðinu.	Í vinnslu - 2/2 2025	Áfram er unnið að endurgerð svæðisins í samræmi við skipulag og hönnun. Framkvæmdir standa yfir á Rauðarárstíg en endurnýjun lagna er fyrirferðarmikill hluti framkvæmda 2024. Lokað hefur verið fyrir umferð ökutækja um svæðið vegna framkvæmdanna. Aðkoma vörudreifingaraðila, sorphriðu og íbúa er tryggð. Leiðakerfi Strætó hefur verið aðlagð að þessu en tímabundnar endastöðvar Strætó voru útbúnar við Skúlagötu og við Hringbraut vegna þessa.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
<b>Gönguvæn borg - 15 mínútna hverfi</b>	Í gegnum hverfisskipulag, endurnýjun hverfiskjarna og fjárfestingu í innviðum verði hverfi borgarinnar gönguvænni og aðgengi að grænum svæðum, útivist og þjónustu tryggt í 15 mínútna göngu- eða hjólaferi. Helstu markmið hverfisskipulagsins eru að gróin hverfi í borginni verði sjálfbærari og vistvænni en áður, íbúðum fjölgi og þægilegra verði fyrir húseigendur að gera breytingar á fasteignum sínum. Lokafrágangur á hverfisskipulagi fyrir Hlíðar, Háaleiti og Bústaði er áætlaður á fyrri hluta ársins. Á árinu 2024 hefst einnig vinna við undirbúning hverfisskipulags fyrir Grafarvog og Grafarholt að undangengnu samráðs- og kynningarferli.	Í vinnslu - 2/2 2025	Hverfisskipulagi fyrir Árbæ, Breiðholt og Hlíðar er lokið. Gert er ráð fyrir að vinnu við hverfisskipulag Háaleitis og Bústaðahverfis ljúki á árinu 2025 og að í kjölfarið verði unnið að hverfisskipulagi Laugardals og Vesturbæjar.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
<b>Gönguvæn borg - græn borgarþróun</b>	Þróun borgarinnar verði öll innan skilgreindra vaxtarmarka hennar og 80% uppbyggingar íbúðarhúsnæðis verði innan þægilegrar fjarlægðar frá Borgarlínu. Unnið verður áfram að deiliskipulagsgerð fyrir 1. áfanga Borgarlínu.	Í vinnslu - 2/2 2025	Íbúðauppbýgging fylgir markmiðum um að hún sé innan skilgreindra vaxtarmarka og í nálægð við Borgarlínu.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
<b>Heilsueflandi samgöngumátar - hjólréiðaborg á heimsælikvarða</b>	Endurskoðuð hjólréiðaáætlun setji sér sem markmið að Reykjavík verði hjólréiðaborg á heimsælikvarða. Markmiðið er að auka hlutdeild hjólréiða í ferðum í borginni. Íbúum á höfuðborgarsvæðinu fjölgar ört. Samhliða fjölgar ferðum í borginni mikið þar sem hver íbúi fer að meðaltali um fjórar ferðir á dag. Hjólréiðar eru hagkvæmur, heilsusamlegur og skemmtilegur ferðamáti. Betri hjóla borg eykur lífsgæði allra borgarbúa. Loftgæði verða betri, íbúar verða heilsuhraustari og tafir í bíla umferð verða minni. Hjólréiðar eru hamingjuríkasti ferðamatinn. Hjólréiðaáætlun er fylgt eftir með reglubundnum hætti og framvinda kynnt á heimasíðu verkefnisins. Á árunum 2024-2025 verður yfirbyggðum, öruggum hjólaskýlum fjölgað í borginni.	Í vinnslu - 2/2 2025	Áfram hefur verið unnið að því að bæta aðstæður til hjólréiða. Í Elliðaárdal er áfram unnið að gerð sérstaks hjólastígs. Hluti þeirrar framkvæmdar er gerð nýrrar brúar yfir Elliðaár. Einnig er unnið að nýjum stíg meðfram Kringlumýrarbraut við Suðurhlíðar. Starfshópur um aðgerðir til að koma í veg fyrir hjólaþjófnað lauk störfum á tímabilinu og unnið er að undirbúningi þess að koma upp öruggum hjólastæðum og geymslum.	Loftslagsstefna Hjólréiðaáætlun	USK
<b>Heilsueflandi samgöngumátar - Borgarlína og betri almenningssamgöngur</b>	Borgarlínan er hágæða almenningssamgöngukerfi fyrir allt höfuðborgarsvæðið. Borgarlínan verður með góðar tengingar við aðrar leiðir Strætó, m.a. leiðir sem koma frá nágrennasveitarfélögum. Hún ekur að mestu í sérými með forgangi á gatnamótum en þannig eykst bæði áreiðanleiki og hagkvæmni. Í skoðun er að auka forgang strætó í umferðinni m.a. með umferðarljósastýringu.	Í vinnslu - 2/2 2025	Borgarlína, lota 1. er í forhönnun (hluta lokið), drög að hönnunarléiðbeiningum fyrir stöðvar og landslag hafa verið gerð og eru í rýni hjá umhverfis- og skipulagssviði. Undirbúningur fyrir útboð á landfyllingu og framkvæmdum á Fossvogsbrú er langt kominn. Reglulegt samstarf og samvinna hefur átt sér stað varðandi önnur verkefni tengd borgarlínuleiðinni, sem og virkt samtal við hagaðila. Deiliskipulagsvinna er í vinnslu, búið er að samþykka deiliskipulag Nauthólsvíkur til auglýsingar. Önnur deiliskipulög eru komin mislangt eftir svæðum en í sumum tilfellum þarf að bíða eftir uppfærslu samgöngusáttmála til að klára.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Göngugötur í Kvos í samræmi við umferðarskipulag Kvosarinnar</b>	Unnið verður deiliskipulag fyrir göngugötur í Kvosinni á árinu 2024 í samræmi við umferðarskipulag Kvosarinnar.	Í vinnslu - 2/2 2025	Í sumar var samþykkt að vera með tímabundna göngugötu í Austurstræti, vestan Pósthússtrætis. Einnig að afstaða hagaðila í nágrenninu til þessarar tilhögunar skyldi könnuð. Forhönnun að endurgerð Kirkjustrætis og Austurstrætis liggur fyrir en unnið er að forhönnun annarra gatna í samvinnu við Veitur sem hyggja á framkvæmdir við endurgerð fráveitu.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
<b>Aðgangsstýringar og gjaldbúnaður fyrir bílahús</b>	Unnið er að undirbúningi þess að uppfæra eftirlitskerfi hjá með bifreiðastöðum þannig að það verði skilvirkara og þar með endurskipuleggja tilhögun eftirlits. Með skilvirkara eftirliti er hægt að leggja aukna áherslu á að tryggja að bifreiðastöður skapi ekki hættu eða hindri aðgengi gangandi og hjólandi vegfarenda.	Í vinnslu - 2/2 2024	Innleiðing á aðgangskerfi bílahúsa er enn í vinnslu. Útboð á nýjum eftirlitsbúnaði með bifreiðastöðum er í gangi.	Loftslagsstefna	USK
<b>Umferðaröryggis-áætlun Reykjavíkur</b>	Áhersla áætlunarinnar tengist markmiðum um gönguvæna borg og á að fækka alvarlegum slysum og banaslysum með sérstakri áherslu á að draga úr slysum á börnum. Reykjavíkurborg einsetur sér að taka upp núllsýn á gildistíma áætlunarinnar og að vera fyrirmynd annarra sveitarfélaga í umferðaröryggismálum. Hugmyndafræði núllsýnar byggir á því að enginn eigi að slasast alvarlega eða látast í umferðferðarslysum. Flest alvarleg slys í Reykjavík eru á þeim sem eru gangandi, hjólandi eða ferðast með öðrum virkum hætti. Framfylgd áætlunarinnar er því lykilþáttur í að bæta aðstæður til að ferðast með virkum hætti í borginni. Uppfærsla umferðaröryggisáætlunar verður kláruð á árinu 2024. Upplýsingasíða verður gerð á vef Reykjavíkur um áætlunina, markmið hennar og stöðu þar sem aðgerðir sem unnið er að til að bæta umferða röryggi í borginni, t.d. lækkun hámarkshraða í borginni verða birtar.	Í vinnslu - 2/2 2024	Unnið hefur verið að uppfærslu umferðaröryggisáætlunar og innleiðingu hámarkshraðaáætlunar. Hámarkshraði hefur að stærstum hluta verið lækkaður í samræmi við áætlunina innan íbúahverfa.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK





Framtíðarsýn Græna plansins  
í efnahagsmálum

# Vaxandi borg






## Framtíðarsýn Græna plansins í efnahagsmálum

Í Reykjavík er kraftmikið, samkeppnishæft borgarsamfélag og frjósamur jarðvegur fyrir skapandi hugmyndir sem laðar fólk að til búsetu, heimsókna og athafna.

Borg sem setur grænan vöxt í forgang.

Þessi framtíðarsýn er útfærð nánar í þremur lykilstefnum:

- Fjármálastefnu
- Húsnæðisstefnu
- Atvinnu- og nýsköpunarstefnu





# Helstu markmið í efnahagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Ábyrg fjármálastjórnun
2. Húsnæði - Þétt og blönduð byggð
3. Ný atvinnutæki framtíðar
4. Gott umhverfi fyrir atvinnulíf og nýsköpun



Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Aðgerðaáætlun í fjármálum Reykjavíkur</b>	Aðgerðaáætlun er byggð á fjármálastefnu Reykjavíkurborgar sem lögð er fram með fjárhagsáætlun. Hún tekur mið af því að hallarekstri og erfiðum aðstæðum í alþjóðlegu efnahagsumhverfi verði mætt með vexti þróttmikils borgarsamfélags til lengri tíma en með markvissum aðgerðum í rekstri og samdrætti í fjárfestingum miðað við áætlanir síðustu ára til skemmri tíma, án þess að dregið verði úr öflugri sókn í uppbyggingu borgarinnar í samræmi við Græna planið og stefnumörkun þess. Skýr sýn verði á græna og vaxandi borg fyrir fólk, sjálfbæran rekstur og fyrirbyggjandi aðgerðir til að lágmarka fjárhagslegar áhættur í rekstri borgarinnar.	Viðvarandi verkefni	Í uppgjörum borgarinnar er fylgst með fjárhagslegum mælikvörðum sem settir eru fram í fjármálastefnunni. Stefnt er að því að flest markmið verði uppfyllt frá og með árinu 2025. Mælikvarðar A-hluta fyrir fyrstu 6 mánuði ársins voru flestir yfir markmiðum ársins og sýna hægfara bata.	Fjármálastefna	FAS
<b>Fjárfestingaráætlun Reykjavíkurborgar</b>	2024-2028 er gert ráð fyrir að stór hluti af fjárfestingu Reykjavíkurborgar verði grænar fjárfestingar og dragi þar með úr losun gróðurhúsalofttegunda með vistvænum byggingum og með því að stuðla að orkuskiptum í samgöngum og styðja grænan vöxt til samræmis við umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkurborgar.	Viðvarandi verkefni	Unnið er samkvæmt fjárfestingaráætlun ársins 2024. Fyrstu 6 mánuði ársins nam fjárfesting A-hluta um 9,2 ma.kr. og gert er ráð fyrir að fjárfesting ársins verði skv. áætlun.	Fjárfestingarstefna	FAS
<b>10 ára innviðaaætlun</b>	Unnið er að því að útbúa 10 ára innviðaaætlun sem verður samþykkt með fjárhagsáætlun. Innviðaaætlun lýsir forgangsröðun og tímalínu á uppbyggingu lykिलinnviða í Reykjavík á komandi árum. Henni er ætlað að taka inn alla mikilvæga þætti sem auðvelda forgangsröðun á þróunarsvæðum borgarinnar. Innviðaaætlun verður unnin í samvinnu við Lykilsa mstarfsaðila eins og Veitur, Faxaflóa hafnir, Vegagerðina og fleiri. Til skoðunar er að innviðaaætlunin verði hluti af gagnvirkur uppbyggingarkorti Reykjavíkurborgar.	Í vinnslu - 2/2 2024	Verkefnið hefur ekki verið í vinnslu á fyrri hluta árs 2024. Vinna þarf frekari kortlagningu og halda fleiri fundi með hagaðilum svo hægt sé að skilgreina verkefnið betur og vinna innviðaaætlunina.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB PON
<b>Kynjuð fjárhags- og starfsáætlanagerð</b>	Innleiðing kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunar (KFS) hjá Reykjavíkurborg byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna nr. 150/2020, lögum um stjórnarsýslu jafnréttismála nr. 151/2020, mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum. Markmiðið er að samþætta mannréttindastefnu borgarinnar við fjárhags- og starfsáætlunargerð og stuðla þannig að jafnrétti. Stefnt er að betri og réttlátari nýtingu fjármuna með tilliti til ólíkra þarfa borgarbúa. Helstu verkefni í tengslum við framkvæmd KFS eru greiningar þjónustubátta, jafnréttisskimanir og jafnréttismöt.	Viðvarandi verkefni	Í upphafi árs 2024, við undirbúning fjárhags- og fjárfestingaaætlana borgarinnar, var kallað eftir jafnréttisskímunum vegna tillagna að nýjum verkefnum. Tekið var í notkun rafrænt form og ferli þar sem starfsmaður kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlananagerðar (KFS) les yfir allar jafnréttisskimanir, bæði til að tryggja ákveðin gæði í skímununum og til að styðja við starfsfólk borgarinnar. Tæplega hundrað skimanir voru framkvæmdar á tillögum að nýjum verkefnum. Fag- og kja masvið skiluðu einnig inn áætlunum um greiningar, framkvæmd og eftirlit vegna KFS með öðrum forsendugögnum fjárhagsáætlunar. Áætlað er að greina 10 þjónustubætti á árinu. Fræðsla er einn lykiltáttur í innleiðingu KFS. Í upphafi árs fékk starfsfólk í KFS starfshópum borgarinnar átta klukkustunda fræðslu um jafnrétti, inngildingu og fjölbreytileika. Í apríl var kjörnum fulltrúum boðið á tveggja stunda námskeið um KFS.	Fjármálastefna Fjárfestinga-stefna Mannréttinda-stefna	MAR FAS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Húsnæðisáætlun</b>	<p>Í húsnæðisáætlun Reykjavíkur eru sett fram helstu markmið um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í borginni og fjallað um mannfjöldaspár, húsnæðisþörf og framboð þjónustu, s.s. hjúkrunaerýma, leik- og grunnskóla. Sagt er frá áætlunum um lóðaúthlutun og greint frá samningum um uppbyggingu á ýmsum reitum sem og vilyrði og viljayfirlýsingar um úthlutun og sölu byggingarréttar. Gerð er grein fyrir fjárframlögum til húsnæðismála, byggingu hagkvæms húsnæðis á viðráðanlegu verði og samvinnu við húsnæðisfélög sem byggja án hagnaðarsjónarmiða. Rætt er um kaupáform Félagsbústaða og uppbyggingu á félagslegu húsnæði, m.a. fyrir fólk með fötlun, aldrað fólk og heimilisláust fólk. Þá er fjallað um verkefni sem miða að því að gera húsnæðisuppbygginguna vistvænni og minnka kolefnisfótspor.</p> <p>Í húsnæðisáætlun eru skilgreindir helstu þættir í ferli húsnæðisuppbyggingar og framþróun hennar fylgt eftir frá upphafi til enda. Ferlinu er fylgt allt frá framtíðar- og þróunarsvæðum í aðalskipulagi, í gegnum deiliskipulagsvinnu, auglýsingu skipulagsáætlana og samþykkt og auglýsingu í B-deild stjórnartíðinda, að byggingarhæfum lóðum, samþykktum áformum um byggingu, íbúðum í byggingu og loks fullgerðum íbúðum. Húsnæðisáætlun hefur mörg undanfarin ár verið uppfærð einu sinni ári, að hausti, og kynnt á árlegum fundi borgarstjóra um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Undanfarin ár hefur staðið yfir færsla yfir í nýtt áætlanakerfi Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar og birtist áætlunin því að hluta einnig þar. Væntingar standa til þess að áætlunin verði í framtíðinni einungis gefin út á einum stað. Húsnæðisáætlun er auk þess fylgt eftir með útgáfu ársfjórðungsskýrsla eftir lok hvers ársfjórðungs og eru þær lagðar fyrir borgarráð og aðgengilegar almenningi á vef Reykjavíkurborgar: <a href="https://reykjavik.is/husnaedi">https://reykjavik.is/husnaedi</a></p>	Í vinnslu - 2/2 2025	Í mars 2024 var húsnæðisáætlun 2024-2033 samþykkt á ný og gefin út (áður samþykkt í desember 2023). Stafræn útgáfa var samþykkt samhliða og skilað til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar. Aukið samstarf um samræmingu gagna og bætt aðgengi hefur verið í forgrunni bæði milli sviða Reykjavíkurborgar og milli ríkis og borgarinnar.	Húsnæðisstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK
<b>Grænt húsnæði framtíðarinnar</b>	Verkefni snýr að samstarfi á fimm lóðum til að styðja við uppbyggingu vistvænni mannvirkja þar sem dregið er úr neikvæðum áhrifum á loftslag og umhverfi. Verkefnið er hluti Græna plans Reykjavíkur og tekur mið af aðalskipulagi og loftslagsstefnu en í því er horft heildrænt á efnahagslega-, samfélagslega og umhverfislega sjálfbærni. Lóðimar sem um ræðir eru: Arnarbakki 6, Völvufell 13-23, Völvufell 43, Frakkastigur 1 og Veðurstofureitur.	Í vinnslu - 2/2 2026	Samþykkt var í borgarráði 27. júní að auglýsa tillögu umhverfis- og skipulagssviðs að nýju deiliskipulagi fyrir Veðurstofureit. Deiliskipulagið hefur verið unnið í nánu samtali við uppbyggingaraðila með lóðavilyrði. Skipulagið sem um ræðir er fyrir ríflega 200 íbúðir á Veðurstofuhæð fyrir fjölbreyttan hóp borgara þar sem leitast er til að ná fram og skapa heildstætt nýtt íbúðahverfi á miðsvæði samkvæmt gildandi aðalskipulagi ásamt þjónustu með sterkum vistvænum áherslum.	Aðalskipulag 2040 Húsnæðisstefna Loftslagsáætlun	USK SBB

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Ártúnshöfði</b>	<p>Ártúnshöfði og Elliðaárdalur eru stærsta þróunar- og uppbyggingarsvæði Reykjavíkur. Áætlað er að í þessum nýja borgarluta rísi allt að 8000 íbúðir og að þar búi allt að 20.000 borgarbúar. Á fyrstu uppbyggingarsvæðunum er gert ráð fyrir 3500 íbúðum, tveimur grunnskólum og einum safnskóla í bland við blómlega þjónustu- og atvinnustarfsemi við Krossamýrartorg. Hryggjarstykki uppbyggingarinnar er meðfram fyrirhugaðri Borgarlínu sem liggur í gegnum mitt skipulagssvæðið.</p> <p>Áætlun fyrir árin 2024- 2025: Ártúnshöfðinn skiptist í átta deiliskipulagssvæði, búið er að samþykka deiliskipulag fyrir tvö þeirra. Í bryggjuhverfi er fering yfirstandandi og munu þrjár lóðir verða byggingarhæfar 2024. Á deiliskipulagssvæði 1 er uppbygging á tveimur lóðum hafin, stefnt er að því að íbúar muni flytja inn í fyrstu íbúðirnar árið 2025. Gert er ráð fyrir að fleiri lóðir fari í uppbyggingu á þessu svæði árið 2024. Haldið verður áfram með lagna- og gatnavinnu ásamt yfirborðsfrágangi næstu tvö árin á svæði 1. Vinna við deiliskipulag á næstu svæðum (2, 6 og 7) heldur áfram árið 2024, ásamt hönnun á götum, grænum rýmum og Borgarlínu.</p>	Í vinnslu - 2/2 2025	<p>Svæði 1: Vinna við gatnagerð og lagnavinnu er komin vel af stað. Uppbygging íbúða er í fullum gangi.</p> <p>Svæði 2: Vinna við deiliskipulag fyrsta hluta svæðisins er lokið. Vinna við aðra hluta fer af stað í haust.</p> <p>Önnur svæði: Vinna við deiliskipulag er að fara af stað eða nú þegar í vinnslu í samstarfi við hagaðila á viðkomandi svæðum.</p>	Aðalskipulag 2040 Hverfisskipulag	USK
<b>Skerjafjörður</b>	Nýi Skerjafjörður er nýtt íbúahverfi sem verður byggt við suðurhluta Reykjavíkurflogvallar. Í hverfinu verða mismunandi tegundir íbúða fyrir íbúa með ólíkan bakgrunn. Áfram er unnið að undirbúningi móttöku lands frá Ísavia og færslu girðingar til afmörkunar nýjum skipulagsmörkum skv. samþykktu deiliskipulagi. Stefnt er að breikkun núverandi grjóttgarðs við Skerjafjörðinn um mitt ár 2024 til að skapa rými fyrir strætóleið sem tengist við Borgarlínustöð á Fossvogsbrú, hönnunarvinna er að ljúka og hafinn er undirbúningur útboðs um efni.	Í vinnslu - 2/2 2025	Stefnt er á efnisútboð síðla árs 2024 vegna breikkunar núverandi landfyllingar undir strætóleið úr Skerjafirði með tengingu inn á Borgarlínustöð við enda Fossvogsbrúar. Hönnunarvinna vegna hjólastíga er í gangi.	Aðalskipulag 2040	USK
<b>Kjalarnes</b>	Aðalskipulagsbreyting fyrir svæðið með loftslagsviðmið í huga verður unnið á árinu 2024. Sett verða m.a. frekari viðmið og leikreglur um skógrækt á bújörðum og landbúnaðarsvæðum og á öðru opnu landi. Enn fremur verði horft til ákvæða um landgræðslu og sett fram markmið um endurheimt votlendis. Markmið og reglur mótaðar á grundvelli stefnu í loftslagsmálum og ná þar til lands í eigu borgarinnar, svo og lands í eigu annarra.	Í vinnslu - 2/2 2024	Starfshópur hefur verið stofnaður. Haldinn var kynningarfundur með íbúum í byrjun september. Vinna við hverfisskipulag fyrir Grundarhverfi á Kjalarnesi er ekki hafin en gert er ráð fyrir að hún hefjist á árinu 2024.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna	USK
<b>Keldur</b>	Keldur og Keldnaholt er byggt upp í samvinnu Reykjavíkurborgar og Betri samgangna. Verkefnið er liður í Samgöngusáttmálanum og miðar að því að flýta uppbyggingu framtíðarhverfis á Keldum sem og framkvæmdum við Borgarlínu sem fer um hverfið endilangt. Skipulagsvinna fyrir svæðið er í undirbúningi og mun hefjast af fullum krafti á árinu 2024.	Í vinnslu - 2/2 2025	Skipulagsvinna í Keldnalandi er í fullum gangi. Nú stendur yfir kynningar- og samráðsferli um breytt skipulag á þessu svæði en áformað er að því ferli ljúki í byrjun árs 2026. Verklýsing aðalskipulagsbreytingar hefur verið gerð aðgengileg á skipulagsgatt.is og gefst þá tækifæri til að skoða gögnin og koma með ábendingar en athugasemdafrestur er til 31. október næstkomandi. Skoða í skipulagsgáttinni.	Aðalskipulag 2040	USK Betri samgöngur

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Hugmyndaleit að skipulagi fyrir Borgarspítalareit, Sóleyjarrima og Safamýri</b>	Undirbúningur að skipulagi fyrir þessa reiti mun fara fram árin 2024 - 2025. Reitirnir eru í eigu og umsjón borgarinnar og eru reitir þar sem hægt er að gera ráð fyrir uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Hugmyndaleit mun eiga sér stað í upphafi árs 2024. Stefnt er að vinnslu deiliskipulags í framhaldi af hugmyndavinnu síðar á árinu 2024 og byrjun árs 2025.	Í vinnslu - 2/2 2025	Skipulagslýsing var birt vegna Sóleyjarrima og búið er að kynna þær athugasemdir sem bárust. Verið er að útfæra samkeppnis tillögur frekar fyrir svæðið.  Búið er að vinna skipulagslýsingu fyrir Borgarspítalareit og Safamýri og eru ferlar í farvegi.	Aðalskipulag 2040 Loftslagsstefna Hverfis skipulag	USK
<b>Hagkvæmt húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur</b>	Nýjar lausnir og hugmyndir í húsnæðismálum eru mikilvægar til að hvetja til nýsköpunar og framþróunar í uppbyggingu íbúða. Með verkefninu óskar Reykjavíkurborg eftir hugmyndum til þess að auka framboð af hagkvæmu húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur. Lóðirnar sem um ræðir eru í Úlfarsárdal, á Kjalarnesi, í Gufunesi, í Elliðaárvogi (Bryggjuhverfi), við Stýrimannaskólann, á Veðurstofureit og í Skerjafirði.	Í vinnslu - 2/2 2025	Framkvæmdir eru í gangi á húsnæði fyrir ungt fólk og fyrstu kaupendur í Gufunesi og Úlfarsárdal. Fyrirspurnartekningar eru famar að berast fyrir Vatnsholt. Fornleifarannsóknir eru í gangi í tengslum við verkefnið á Kjalarnesi og enn ríkir óvissa með uppbyggingu í Skerjafirði, þar sem flutningur Reykjavíkurflugvallar hefur verið umdeildur og haft áhrif á framvindu verkefnisins.	Húsnæðisstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK
<b>Reinventing Cities</b>	Reinventing Cities er alþjóðleg samkeppni sem kallar eftir framúrskarandi hugmyndum að uppbyggingarverkefnum, frá sjónarmiði borgarþróunar og loftslags- og umhverfismála. Samkeppnin hvetur til hugmynda sem sýna fram á skapandi hugsun og bjarta framtíðarsýn með grænna og vistvænna borgarumhverfi í huga. Reykjavíkurborg bauð fram tvær lóðir í samkeppnina árið 2020, Sævarhöfða 31 og Gufunesbryggju. 2018 voru lóðir við Lágmúla og Malarhöfða boðnar út.	Í vinnslu - 2/2 2026	Viljayfirlýsing við Veitur hefur verið skrifuð vegna Lágmúla 2 og var nýtt skipulag a uglýst við Ártúnshöfða 2. Skipt var um viðmælanda í tengslum við steyputumana á Sævarhöfða og það liggur fyrir umsókn um breytingu á deiliskipulagi á Gufunesbryggju.	Húsnæðisstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK
<b>Lífsgæðakjarnar</b>	Á næstu 10 árum gerir borgin ráð fyrir að úthluta lóðum undir 1.100 íbúðir fyrir eldri borgara. Þörfin fyrir slíkt húsnæði er vaxandi en stórir árgangar færast á þriðja æviskeiðið á komandi árum. Á undanföllum árum hafa 465 hjúkrunarnými og íbúðir fyrir aldraða opnað í Reykjavík.  Reykjavíkurborg a uglýsti vorið 2023 eftir samstarfsaðilum og hugmyndum tengdum lífsgæðakjörnum, sem er uppbygging húsnæðis í þágu eldri borgara. Markmiðið er að lífsgæðakjarnarnir séu vel staðsettir í borginni miðað við þróunarsvæði og tengingu við samgöngur. Viðbrögð við a uglýsingunni voru góð og bárust 23 svör. Unnið verður áfram í samskiptum við þessa aðila. Hluti erinda voru hugmyndir sem tengdust verkefninu, ýmis samtök og stofnanir lýstu áhuga á samstarfi og einnig bárust allnokkur erindi frá lóðarhöfum sem vilja byggja upp í anda hugmynda um lífsgæðakjarna á sínum lóðum.	Í vinnslu - 2/2 2025	Borgarstjóri skrifaði í maí 2024 undir viljayfirlýsingar um uppbyggingu á fjórum stöðum í borginni þar sem þrouð verður áhugaverð ný nálgun á húsnæði og þjónustu fyrir fólk á besta aldri.  Lífsgæðakjarnar í þróun: <ul style="list-style-type: none"> <li>— Klasi - Breiðhöfði 10 eða Norður-Mjódd</li> <li>— Þorpið - vistfélag - á lóð félagsins á Ártúnshöfða</li> <li>— Þingvangur - Köllunarklettsvegur 3 og Hlésgata 1</li> <li>— Reitir - Loftleiðasvæðið við Nauthólsvæg</li> </ul>	Húsnæðisstefna Aðalskipulag 2040	USK SBB

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Vatnsmýri - Vísindaborp</b>	„Vísindaborpið í Vatnsmýrinni“ eða „Reykjavík Science City“ er samstarfsvettvangur Reykjavíkurborgar, Háskólans í Reykjavík, Háskóla Íslands, Landspítala háskóla sjúkra húss, Vísindagarða Háskóla Íslands og Íslandsstofu. Unnið er að því að í Vísindaborpinu þróist áfram sem þungamiðja þekkingarhagkerfisins á Íslandi þar sem núverandi aðilar, nýjar rannsóknarstofnanir og öflug þekkingarfyrirtæki eigi með sér samstarf og vinni saman að markaðssetningu svæðisins sem leiði til aukinnar verðmættasköpunar og fjölgunar starfa.	Í vinnslu - 2/2 2025	Innviðahópur Reykjavík Science City hittist í fyrsta sinn og ræddi þá uppbyggingu sem fram undan er á svæðinu. Eitt af þeim stóru uppbyggingarverkefnum sem fyrirhuguð eru er djúptæknikjarni sem Vísindagarðar þróa áfram. Nýtt kort af svæðinu er í vinnslu sem sýnir framtíðartækifæri í Vatnsmýri.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK
<b>Gufunes - Þorp skapandi greina</b>	Gufunes er eitt á hugaverðasta þróunarsvæði landsins. Þar er unnið að þróun á skapandi þorpi þar sem saman blandast ýmis skapandi starfsemi og um 700 íbúðir. Markmiðið er að byggja upp svæði þar sem umhverfisgæði og staðarandi setja rammann fyrir íbúðabyggingu. Kvikmyndaiðnaðurinn blómstrar nú þegar á svæðinu en RVK Studios eru t.a.m. með sínar höfuðstöðvar á svæðinu og hafa byggt upp kvikmyndaver í skemmu sem nýttist áður undir starfsemi Áburðarverksmiðju ríkisins. Kuki sem sérhæfir sig í tækjaleigu til kvikmyndaiðnaðarins og fjöldi annarra kvikmyndatengdra fyrirtækja eru einnig með starfsemi sína í Gufunesi.	Í vinnslu - 2/2 2025	Unnið var með RVK Studios og True North að möguleikum á stækkun á kvikmyndaveri í Gufunesi samhliða viðræðum við Vesturport sem einnig óskaði eftir lóð undir sína starfsemi á svæðinu. Sjósundsskýlið Katla var opnað við Gufunesbryggju í maí 2024 og er það hannað af 1. árs nemum í arkitektúr við Listaháskóla Íslands. Nýr sundstaður í Gufunesi er kærkomin viðbót í strand- og vatnameninguna í Reykjavík og tengist verkefnið niðurstöðum skýrslu um haftengda útivist sem lesa má meira um hér: <a href="https://reykjavik.is/graena-planid/haftengd-utivist">https://reykjavik.is/graena-planid/haftengd-utivist</a>	Atvinnu- og nýsköpunarstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK
<b>Miðborgin</b>	Á komandi árum mun miðborgin þróast áfram með tilheyrandi áhrifum á umhverfi hennar og mannlíf. Á meðal stærstu verkefna komandi ára verður þróun Laugarvegjar í göngugötu allt árið, fjölgun á göngugötum í Kvosinni, uppbygging á nýju borgartorgi við Hlemm og þá mun Borgarlínan fara um Hverfisgötu og Lækjargötu. Auk þess vinnur samstarfshópur að því að skapa aukna yfirsýn yfir málefni miðborgar, stuðla að markvissri upplýsingamiðlun um þau og efla samvinnu og samráð milli hagaðila og sviða borgarinnar.	Í vinnslu - 2/2 2025	Gott samstarf hefur verið á milli Reykjavíkurborgar og Markaðsfélags miðborgarinnar og hafa m.a. verið haldnir samráðsfundir með fulltrúum borgarinnar og aðildarfélögum markaðsfélagsins. Markaðsfélaginu hefur gengið vel að fá féлага og eru nú 156 rekstraraðilar með aðild. Keyrðar hafa verið meira en 100 heiferðir á því rúmlega ári frá því að félagið var stofnað og hafa þær fengið meira en 5,5 milljónir birtinga. <a href="https://midborgin.is/">https://midborgin.is/</a>  Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir öflun töluþruga upplýsinga um þjónustu, verslun og rekstur í miðborginni. Talning var framkvæmd í apríl 2024. Helstu niðurstöður talningar sýna að aldrei hafa verið fleiri staðir sem bjóða upp á verslun og þjónustu í miðborg Reykjavíkur eða 718. Nýting rýma hækkaði milli ára og er mjög fjölbreytt verslun og þjónusta í boði. Auk þess fer miðborgin stækkandi. Sjá nánari upplýsingar um miðborgina í tölum hér: <a href="https://reykjavik.is/midborgin-i-tolum">https://reykjavik.is/midborgin-i-tolum</a>  Parísarhjóli var sett upp á Miðbakka í júní 2024. Um tilraunaverkefni til eins sumars er að ræða og annast Taylors Tivoli Iceland ehf uppsetningu og rekstur á Parísarhjólinu.  Auglýst hefur verið eftir nýju húsnæði fyrir almenningsmarkað í miðborg Reykjavíkur. Lesa meira hér: <a href="https://reykjavik.is/almenningsmarkadur">https://reykjavik.is/almenningsmarkadur</a>	Atvinnu- og nýsköpunarstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK
<b>Ný atvinnusvæði: Esjumelar, Álfsnes, Hólmsheiði</b>	Öflugt atvinnulíf er forsenda þess að borgin vaxi og dafni. Í Reykjavík eru helstu atvinnusvæði á höfuðborgarsvæðinu og landinu öllu, hvort sem litið er til starfsemi á sviði hátækni og þekkingar, háskóla, fjármála, verslunar og þjónustu, opinberrar stjórnsýslu, menningar og lista, ferðaþjónustu, flutninga eða iðnaðar. Uppbygging nýrra athafnasvæða á sér stað m.a. á Esjumelum, Álfsnesi og Hólmsheiði.	Í vinnslu - 2/2 2025	Esjumelar: Lóðir að Bronsslétta 1 og 5 og Norðurgrafarvegi 3 auglýstar til sölu. Bronslétta 3 var seld. Álfsnes: Fýsileikagreining og skýrsla var kynnt í borgarráði og samþykkt að fela starfshóp að vinna þróunaráætlun og viðskiptaáætlun. Hólmsheiði: Borgarráð samþykkti lóðarvilyrði við APT Holding, Veritas og Parlogis. Næsta skref er að klára lóðarvilyrði við Safari og Ölgarðina.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna Aðalskipulag 2040	SBB USK



Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
Sameiginlegur skilningur Reykjavíkurborgar og atvinnulífs	Efla þarf virkt samtal og auka upplýsingamiðlun á milli Reykjavíkurborgar og atvinnulífsins til að byggja sameiginlega framtíðarsýn. Þetta verður m.a. gert með því að efna til atvinnulífsfunda þar sem borgin og atvinnulífið ræða saman um sameiginlegar áskoranir og tækifæri. Unnið verður að bættri miðlun til atvinnulífs, fyrirtækja og frumkvöðla um þróun borgarinnar, framkvæmdir og áætlanir. Auk þess þarf að skilgreina fyrsta snertipunkt borgarinnar fyrir fyrirtæki sem vilja hefja starfsemi í borginni, stækka eða þróast.	Í vinnslu - 2/2 2024	<p>Unnið hefur verið að eftirfylgni á samráðsfundi um samkeppnishæfni sem haldinn var í Höfða 24. nóvember 2023. Móta þarf sameiginlega framtíðarsýn, setja aukinn kraft í innviðauppbýggingu og efla stuðning við nýsköpun. Þetta voru helstu niðurstöður atvinnulífsfundarins sem haldinn var í fyrsta sinn, í boði borgarstjóra og forseta borgarstjórnar í Höfða. Þar komu saman fulltrúar Reykjavíkurborgar, atvinnulífs, háskóla, klasa og verkafélaga og ræddu hvernig efla mætti alþjóðlega samkeppnishæfni Reykjavíkur og skapa borg þar sem nýsköpun þrífst. Atvinnulífsfundur 2024 er í mótun.</p> <p>Opinn kynningarfundur borgarstjóra - Athafnaborgin 2024 var haldinn 22. maí 2024. Á fundinum var gefin yfirsýn um stöðu uppbyggingar innviða og atvinnulífs í Reykjavík. Upptöku af fundinum og dagskrá má nálgast hér: <a href="https://reykjavik.is/athafnaborgin-2024">https://reykjavik.is/athafnaborgin-2024</a></p> <p>Atvinnu- og borgarþróunarteymi ræður yfir pósthöfundu athafnaborgin sem hefur verið notað í auglýsingum og á miðlum borgarinnar sem snertipunktur fyrirtækja við borgina þegar kemur að því að hefja starfsemi í borginni, stækka eða þróast. Fleirum sinnum í viku berast tölvupóstar frá fyrirtækjum á það pósthöfundu þannig að innleiðing gengur vel.</p>	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB
Gott umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar	Við viljum efla nýsköpunarmenningu hjá Reykjavíkurborg og bæta þjónustu við fyrirtæki og frumkvöðla með því að gera hana einfaldari, stafrænni, aðgengilegri og fyrirsjáanlegri og byggja upp trausta og skilvirka innviði í takt við þarfir atvinnulífs og nýsköpunarsamfélags. Þetta gerum við m.a. við að styðja við Iceland Innovation Week, skilgreina að hluta fjármagns starfseininga verði varið til umbóta- og nýsköpunarverkefna, endurskoða umgjörð innkaupamála með það að markmiði að bæta skapa tækifæri fyrir fleiri aðila, bæta þjónustu við fyrirtæki með rafrænum umsóknarferlum.	Í vinnslu - 2/2 2024	<p>Reykjavíkurborg vinnur með fleiri aðilum sem á einn eða annan hátt styðja við vistkerfi nýsköpunar. Borgin er t.a.m. bakhjarl Nýsköpunarviku (Iceland Innovation Week) þar sem 850 aðilar voru með passa á hátíðina þar af 40% alþjóðlegir gestir. 50 innlendir og erlendir fjárfestar tóku þátt, og allskyns opinir viðburðir voru um alla borg sem settu fókus á hinar ýmsu hliðar nýsköpunar. Reykjavíkurborg var með opið hús og örvíðburði í Gróðurhúsinu á Lækjartorgi 15.-16. maí sem settu nýsköpun í borginni í fókus. Nálgast má kynningar hér: <a href="https://reykjavik.is/iceland-innovation-week">https://reykjavik.is/iceland-innovation-week</a> .</p> <p>Samningar voru endurnýjaðir við Klak – Icelandic Startups vegna Hringiðu og Gulleggisins og voru samningar einnig endurnýjaðir við FabLab Reykjavík.</p> <p>Ný umboðsvirkni í tengslum við innskráningu fyrir prókúruhafa á Mínum síðum var tekin í notkun. Það verkefni var mikilvægt fyrsta skref til að auka þjónustu við fyrirtæki með rafrænum hætti.</p>	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB FAS USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Fleiri stoðir verðmætasköpunar</b>	<p>Við viljum að fyrirtæki og frumkvöðlar geti fengið brautargengi fyrir hugmyndir sínar og laðað til sín hæfileikaríkt fólk og fjármagn. Sérstök áhersla verður lögð á hugvitsdrifinn útflutning, skapandi greinar og verkefni á sviði græns vaxtar. Við vinnum t.d. náðið með hagaðilum að þróun þekkingar- og nýsköpunarkjama í Miðborg, Vatnsmýri, Gufunesi og Álfsnesi. Við ætlum að móta framtíðarumgjörð um rannsóknar- og nýsköpunarsamstarf Reykjavíkurborgar, skilgreina aðkomu að frumkvöðla- og þekkingarsetrum og hveig borgin tekur þátt í klasastarfsemi.</p> <p>Við hlúum að íbúum Reykjavíkur með því að tryggja aðgang að góðri menntun, veita þjálfun til að takast á við breytt atvinnulíf og efla alþjóðlega samkeppnishæfni borgarinnar með því að laða til okkar hæfileikaríkt fólk frá öllum heimshomum. Við hlúum að umhverfi nýsköpunar, lista og menningar í öllu skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar með áherslu á samfélagslega nýsköpun og framsæknar lausnir þegar kemur að inntaki náms og starfsaðferðum.</p>	Í vinnslu - 2/2 2024	<p>Áfram er unnið að þróun þekkingar- og nýsköpunarkjama í Reykjavík. Sjá nánar um Miðborg, Vatnsmýri, Gufunes og Álfsnes í kafla 3 Ný atvinnutækifæri framtíðar.</p> <p>Ný framtíðarumgjörð um rannsóknar- og nýsköpunarsamstarf Reykjavíkurborgar hefur verið mótuð og aðgerðaráætlun 2024-2026 um þátttöku Reykjavíkurborgar í alþjóðlegum rannsókna- og nýsköpunarverkefnum samþykkt af forsætisnefnd í júní 2024. Sjá aðgerðaráætlun <a href="#">hér</a>. Ytri úttekt var unnin á verkefnum á vegum stofnunar stjórnsýslufræða.</p> <p>Reykjavíkurborg hefur tekið virkan þátt í klasastarfsemi og er m.a. aðildarfélagi að Orkuklasa, Fjártækni klasa og Ferðaklasa.</p> <p>Vinna við að skilgreina aðkomu borgarinnar að frumkvöðla- og þekkingarsetrum er ekki hafin.</p>	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB SFS
<b>Sögur úr athafnalífi í Reykjavík</b>	Með innlendi og alþjóðlegri markaðssetningu viljum við draga fram frábærar sögur úr fjölbreyttu athafnalífi í Reykjavík sem geta vakið innblástur og styrkt ímynd borgarinnar. Sterk ímynd gerir borgina eftirsóknarverðari og laðar að fjármagn, ný fyrirtæki og hæfileikaríkt fólk til búsetu, heimsóknar og athafna.	Í vinnslu - 2/2 2024	Vitað er að til að styrkja ímynd borgarinnar og laða að fjármagn, ný fyrirtæki og hæfileikaríkt fólk þá getur góð leið m.a. verið að komast á samanburðarlista við aðrar borgir. Reykjavíkurborg hefur safnað saman margvíslegum gögnum um sjálfbæmi borgarinnar og sent á Economist Impact til að komast á 'Urban Performance Index' (UPI), nýjan mælingaramma sem er hannaður til að meta sjálfbæra þróun í borgum á heimsvísu. Að baki UPI stendur Economist Impact sem í samvinnu við og með fjármögnun frá UN-Habitat hefur þróað rammann.	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB
<b>Grænn vöxtur</b>	Við ætlum okkur að verða kolefnishlutlaus 2030. Í því felast áskoranir sem þarfnast skapandi lausna sem nýtast bæði í Reykjavík, á Íslandi og fyrir heiminn allan. Við þurfum að tryggja að við grípum þau tækifæri sem skapast. Borgin vill hvetja og styðja við græn nýsköpunarverkefni, hraðla og þekkingarsetur, efla hringrásarkerfið t.d. með því að skipuleggja hringrásariðngarð á Álfsnesi, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda á öllum sviðum atvinnulífs borgarinnar og fjölgja atvinnutækifærum nálægt sjálfbærum samgöngum.	Í vinnslu - 2/2 2024	<p>Reykjavíkurborg er bakhjarl Hringiðu sem er viðskiptahraðall með það að markmiði að draga fram, efla og styðja við nýsköpunarverkefni á frumstigi, sem byggja á hugmyndafræði hringrásarhagkerfis og sjálfbæmi. Reykjavíkurborg er með fulltrúa í stýrihóp, leggur til mentor og auk þess hélt Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, forseti borgarstjórnar, erindi fyrir helstu fjárfesta landsins á lokadegi Hringiðu í maí 2024.</p> <p>Áfram var unnið að verkefnum í Grænu húsnaði framtíðarinnar þar sem Reykjavíkurborg var með hagræna hvata fyrir græna húsnaðisupbyggingu og var fyrsta skóflustungan tekin á Frakkastíg 1. Útboð fyrir rammaskipulag og þróunaráætlun fyrir Hringrásargarð á Álfsnesi var undirbúið</p> <p>Undirbúningur að fyrsta loftslagsborgarsamningi stóð yfir sumarið 2024. Í tengslum við hann er gert ráð fyrir aðgerðum og þátttöku utanaðkomandi aðila, m.a. atvinnulífs, B-hluta fyrirtækja og stofnana. Samtal og samráð við þessa aðila átti sér stað á fyrri helmingi árs 2024.</p>	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB USK

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
Engin skilin eftir	Græna umbreytingin verður byggð á réttlæti, sanngími og þátttöku. Við viljum rækta nútímalegt samfélag þar sem ávinningi tækniframfara er dreift með sanngjörnum hætti. Í Reykjavík geta allir fundið farveg fyrir hugmyndir sínar og tekið virkan þátt í atvinnulífi og nýsköpun. Við vinnum markvisst að inngildingu þar sem fólk hefur sömu tækifæri, óháð uppruna, þjóðerni, stétt, tungumáli, litarhætti, trúarbrögðum, lífs- eða stjórnmálaskoðunum, trúleysi, kyni, kynhneigð, kynvitund, kyntjáningu, kyneinkennum, aldri, fötlun, holdafari, líkamsgerð, heilsufari, atgervi eða annarri stöðu.	Í vinnslu - 2/2 2024	<p>Upplýsingar um styrkþega sem fá styrk úr borgarsjóði eru kyngreind með aðferð kynjaðrar fjárhags- og starfsáætlunargerðar. Í umsóknareyðublaðinu tekur styrkþegi fram hvaða eftirfarandi samfélagshópa verkefnið nær til. Verkefni sem eru styrkt af Reykjavíkurborg þurfa að samræmast mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar. Í vinnslu er yfirferð á núverandi styrkjareglum Reykjavíkurborgar þannig að hægt verði að sækja um styrk úr borgarsjóði allt árið um kring og úthlutað verði einu sinni til tvísvar á ári. Þetta er gert til að jafna tækifæri allra til að sækja um.</p> <p>Fagráð Reykjavíkurborgar bera ábyrgð á meðferð styrkumsókna á sínu sviði og skipa þau faghópa sem yfirfara umsóknir og veita fagráði ráðgjöf um meðferð umsókna. Kynjahlutföll í faghópum eiga að vera sem jöfnust.</p> <p>Reykjavíkurborg er með fulltrúa í stýrihópum þeirra nýsköpunarhraða sem borgin tekur þátt og tryggir þannig að val teyma samræmist stefnum borgarinnar.</p>	Atvinnu- og nýsköpunarstefna	SBB



Framtíðarsýn Græna plansins  
í samfélagsmálum

# Borg fyrir fólk





## Framtíðarsýn Græna plansins í samfélagsmálum

Reykvískt samfélag er byggt á réttlæti, sanngirni og þátttöku barna og fullorðinna. Borgarþúar lifa við öryggi og geta haft jákvæð áhrif á eigin líf og annarra. Með því að hlusta, miðla, rýna og þróa er stuðlað að inngildingu þar sem engin er skilin eftir. Reykjavík okkar allra.

Þessi framtíðarsýn er útfærð nánar í sex lykilstefnum:

v

- Íþróttastefnu
- Menntastefnu
- Menningarstefnu
- Mannréttindastefnu
- Velferðarstefnu
- Lýðheilsustefnu



Borg fyrir fólk

# Helstu markmið í samfélagsmálum í Reykjavík til 2030

1. Fyrir okkur öll
2. Látum draumana rætast
3. Menning og listir verða samofin borgarlífinu
4. Íþróttir fyrir alla
5. Bætt lýðheilsa
6. Mannréttindi, aukin þátttaka og bætt samtal við íbúa



Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Fræðsla fyrir starfsfólk Reykjavíkurborgar sem styður við áherslur velferðarstefnu borgarinnar</b>	Fræðslan verður fyrir allt starfsfólk velferðarsviðs þar sem lögð er áhersla á notendamiðaða hönnun, menningamæmi og þjónustumenningu. Fræðslan er lykiláðgerð til að ná fram markmiðum velferðarstefnu og til að breyta þjónustumenningu sviðsins. Fræðslan styður við fjórar stefnuáherslur velferðarstefnu: 1) Engin tvö eru eins, 2) virðing og umhyggja, 3) frumkvæði og forvarnir og 4) fagmennska og framsýni.	Í vinnslu - 1/2 2024	Torgið, fræðsluferfi borgarinnar, var opnað á velferðarsviði í júní 2023. Nú stendur innleiðing yfir en fjöldi starfsmanna hefur þegar nýtt sér Torgið. Þar er meðal annars að finna fræðslu um menningamæmi og þjónustu.	Velferðarstefna	VEL
<b>Efla notkun rafrænna lausna í velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar</b>	Auka á nýtingu stafrænna lausna með það að markmiði að bæta upplifun notenda, einfalda innri ferla og nýta gógn í þágu notenda þjónustunnar. Með það að markmiði á að endumýja grunnkerfi velferðarsviðs og tryggja samþættingu milli þeirra.	Í vinnslu - 2/2 2025	Um er að ræða yfirgripsmikið verkefni. Rafræn miðstöð hefur síðustu ár unnið fjölda umbótaverkefna sem heyrir undir þessa áðgerð. Í dag eru átta stór verkefni í gangi hjá miðstöðinni sem tengjast þessu. Rafræn miðstöð vinnur gríðarmörg verkefni með þjónustu- og nýsköpunarsviði sem snúa að rafvæðingu og skilvirkni ferla og umbóta. Endurskoðun ferla vegna fjárhagsaðstoðar, þjónustu við fatlað fólk og þjónustu við börn með sérstakar stuðningsþarfir er lokið og endurskoðun ferla vegna skólaþjónustu er yfirstandandi.  Smíði Ráðgjafans er í fullum gangi og stefnt er að því að hann verði kominn í virkni fyrir alla málaflokka á þessu ári. Innleiðing er í startholum á dala.care fyrir heima-, stoð-, og stuðningsþjónustu. Ósk/Veita er í lægri forgangi og kerfi fyrir Bamavernd er í skoðun.	Velferðarstefna	VEL PON
<b>Endurskoðun skipulags velferðarsviðs</b>	Skipulag velferðarsviðs verður einfaldað með það að markmiði að geta betur mætt sívaxandi þörf fyrir sérhæfingu samhliða samstilltri og skilvirkri þjónustu. Verður það gert með því að: <ul style="list-style-type: none"> <li>— Efla hlutverk fagskrifstofa velferðarsviðs með það að markmiði að auka gæðastýringu, samhæfingu og eftirlit með þjónustuveitingu. Þessu verkefni skal lokið fyrir árslok 2024.</li> <li>— Verkefnið Betri borg fyrir börn verður yfirfært á fjögur þjónustusvæði í samstarfi við skóla- og frístundasvið. Þessu verkefni skal lokið fyrir árslok 2022.</li> <li>— Sérhæfð teymi sett á laggimar sem sinna veigamiklum málaflokkum þvert á velferðarsvið. Þessu verkefni skal lokið fyrir árslok 2022. Skipurit þjónustumiðstöðva verður endurskoðuð með áherslu á samræmingu á milli hverfa.</li> </ul>	Í vinnslu - 2/2 2024	Verklag hefur verið yfirfarið og bætt á mörgum sviðum. Gerðar hafa verið nokkrar viðamiklar kannanir á viðhorfum þjónustuþega til ýmissa málefna. Samhæfing þjónustuveitinga er rædd á samráðsvettvangi skrifstofunnar og stjórnenda í fötlunarmálum á miðstöðvum borgarinnar, sem og á fundum með ráðgjöfum. Fengist hefur fjármagn frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til að ráða í tvö stöðugildi til að sinna eftirliti og úttektum í málaflokki fatlaðs fólks.	Velferðarstefna	VEL

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Skilgreina og mæla reglubundið þjónustupætti velferðarsviðs</b>	<p>Tryggja að notendur séu alltaf í forgrunni við skipulagningu þjónustunnar og hafðir með í ráðum með virku notendasamráði. Aðgerðir:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— Gera aðgengiskönnun meðal notenda velferðarsviðs reglulega</li> <li>— Skilgreina þjónustupætti sem verða mældir reglulega</li> <li>— Sjálfvirkni í notendakönnunum</li> </ul>	Í vinnslu - 2/2 2024	<p>Vinna er hafin við skilgreiningu þjónustupátta. Ákveðið var að hinkra eftir að skipulagsbreytingar yrðu kláraðar á miðstöðvum ásamt fyrsta innleiðingarfasa Betri borgar fyrir böm, þar sem hluti af þessari vinnu skarast. Vinna er langt komin með skilgreiningu þjónustupátta og gerð áætlunar um reglubundnar þjónustukannanir meðal notenda í samstarfi við fagskrifstofur.</p> <p>Kannanir í öllum helstu þjónustupáttum hafa verið gerðar síðustu ár ásamt þjónustu- og aðgengiskönnun 2021 og 2023. Til stendur að nýta þær kannanir og mæla flesta þjónustupætti með úrtakskönnun sirka annað eða þriðja hvert ár, eftir því sem við á. Þegar áætlanir eru tilbúnar með fagskrifstofum fer framkvæmdastjórn yfir. Núverandi kannanahugbúnaður býður ekki upp á sjálfvirkni í þjónustukönnunum. Frestun á samræmdum innkaupum á kannanahugbúnaði mun hafa áhrif á tímaáætlun.</p> <p>Tímaáætlun seinkaði vegna þess að kannanahugbúnaður bauð ekki upp á sjálfvirkni í þjónustukönnunum. Viðeigandi kannanahugbúnaður verður keyptur 2024. Sjálfvirkar kannanir verða settar upp þar sem við á og tækni býður upp á. Þjónustu- og nýsköpunarsvið er með mælingar í kjölfar umsókna á Mínum síðum, er snúa að umsóknum um almennt félagslegt húsnæði, heimastuðning og sérstakan heimilisstuðning.</p>	Velferðarstefna	VEL
<b>Auka valdeflingu notenda velferðarsviðs</b>	<p>Skilgreina þjónustupætti velferðarþjónustunnar og samspil þeirra við þjónustu lykilsamstarfsaðila innan og utan Reykjavíkurborgar, með það að markmiði að þjónustan sé heildstæð og samfelld fyrir notendur. Aðgerðir sem munu ýta undir valdeflingu notenda:</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>— Auka fjölbreytni og valkosti notenda innan virkni- og endurhæfingarúrræða velferðarsviðs.</li> <li>— Fjölga vinnustöðum sem taka þátt í atvinnu- og virknimiðlun Reykjavíkurborgar fyrir fólk á fjárhagsaðstoð</li> </ul>	Í vinnslu - 2/2 2025	<p>Boðið hefur verið upp á námskeið fyrir atvinnuleitendur á íslensku og haustið 2022 var farið af stað með sams konar námskeið á ensku. Vinna er hafin við að auka framboð úrræða fyrir notendur Virkniúss meðal annars með því að bjóða námskeið Atvinnu- og virknimiðlunar á ensku auk þess sem settir hafa verið af stað morgunfundir á ensku fyrir þátttakendur í TINNU verkefninu sem styður við unga einstæða foreldra. Verið er að skoða tilraunaverkefni til að ná betur til ungra karla sem leita fjárhagsaðstoðar. Auk þess er verið að skoða hvernig betur megi þjónusta fólk af erlendum uppruna, sérstaklega þann hóp sem hvorki er íslensku né enskumælandi, og er í því samhengi einnig verið að skoða möguleika á frekara samstarfi við aðila utan Virkniúss.</p> <p>Alls var ráðið í 62 störf á árinu 2023, fyrir tilstilli Atvinnu- og virknimiðlunar. Á bak við þær ráðningar eru 33 fyrirtæki og stofnanir. Reykjavíkurborg er með 13 ráðningar. Þar af voru gerðir 25 starfsþjálfunarsamningar fyrir fólk á fjárhagsaðstoð á samtals 16 vinnustöðum Talsverður hluti af starfsemi Atvinnu- og virknimiðlunar fer í að mynda tengsl við atvinnulífið og öflun starfa fyrir notendur fjárhagsaðstoðar. Auk þess sér Atvinnu- og virknimiðlun um umsýslu starfsþjálfunarsamninga vegna þeirra einstaklinga sem eru með stöðu flótafólks hjá Vinnumálastofnun. Samtals voru gerðir 165 samningar á árinu 2023. Vinnumálastofnun greiðir útlagðan kostnað vegna starfsþjálfunarsyrkja en öll umsýsla er kostuð af Atvinnu- og virknimiðlun.</p>	Velferðarstefna	VEL



Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lýkilstofna	Svið
Lágþröskulda-þjónusta	Skilgreina og koma á lágþröskuldaþjónustu við börn og fjölskyldur þar sem því verður við komið í samræmi við stefnu ríkisins um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna.	Í vinnslu - 1/2 2025	Búið er að halda tvær vinnustofur um lágþröskuldaþjónustu, vorið 2022 og 2023. Allir ferlar sem varða þjónustu borgarinnar í tengslum við Betri borg fyrir börn eru til kynningar á sameiginlegum fundi beggja ráða í lok janúar og til kynningar á vettvangi stofnana vorið 2024.	Velferðarstefna	VEL
Efla forvarnir	Endurnýja stefnu í forvaramálum fyrir Reykjavíkurborg. Stefnan verði unnin í þverfaglegu samstarfi við þá aðila innan borgarinnar sem koma að þjónustu við börn og unglinga.	Í vinnslu - 1/2 2024	Áætlun er komin í umsagnarferli til fagráða og að því loknu mun áætlunin fara fyrir borgarráð og borgarstjórn til samþykktar. Reikna má með að hún verði fullafgreidd um miðbik febrúar.	Lýðheilsustefna	VEL SFS ÍTR SBB
Efla gagnadrifna ákvarðana töku innan velferðarsviðs	Gera reglulegar spár um þróun samfélagshópa og meta þannig þörf fyrir þjónustu velferðarsviðs og gera langtíma kostnaðaráætlanir. Setja á laggirnar mælaborð sem birtir í rauntíma tölfraði um þjónustu velferðarsviðs og ánægju notenda með hana.	Í vinnslu - 2/2 2025	Eftirfarandi tölfraðimælaborð eru komin á laggirnar: Flóttafólk, Gistiskýli, Umsóknir, Húsnæði. Í vinnslu er mælaborð um skólaþjónustu. Mælaborðin eru aðgengileg öllu starfsfólki Reykjavíkurborgar. ÞON hefur unnið að því síðan 2023 að færa öll gögn velferðarsviðs yfir í nýjan gagnagrunn og vöruhús gagna, sem á að uppfærast sjálfkrafa til að hægt verði að tengja gögnin við mælaborð og sýna raunstöðu. Í dag eru notaðar eldri tengingar í þessa vinnu sem eiga að fjara út í framtíðinni. Teymi árangurs- og gæðamats er að prófa að setja upp tölfraði úr könnunum í mælaborð. Ánægja notenda birtist því ekki á mælaborðunum í dag. Þetta verður skoðað nánar þegar reglubundnar/sjálfvirkar kannanir eru komnar á.	Velferðarstefna	VEL
Auka margbreytileika í hópi starfsfólks velferðarsviðs	Endurskoða hæfniskröfur vegna starfa á velferðarsviði með það að markmiði að útrýma hindrunum fyrir fólk af erlendum uppruna. Aðgerðir til að ná þeim markmiðum: <ul style="list-style-type: none"> <li>Tryggja að starfsfólk af erlendum uppruna hafi kost á því að sækja sér íslenskukennslu</li> <li>Auka áherslu á ráðningar starfsfólks með tungumálakunnáttu sem nýtist í störfum sem fela í sér bein samskipti við notendur</li> <li>Auka ráðningar fólks af erlendum uppruna og í ábyrgðar- og sérfraeðistöðum</li> </ul>	Í vinnslu - 2/2 2025	Fjölbreytt íslenskukennsla er í boði fyrir starfsfólk því að kostnaðarlausu. Einnig geta allir stjórnendur óskað eftir íslenskunámskeiði á sínum starfsstöðvum, viðkomandi stofnun að kostnaðarlausu, þar sem áhersla er lögð á vinnutengdan orðaforða. Miðlæg mannauðsþjónusta sér um styrkumsóknir fyrir starfsstaði. Alþjóðateymi og miðstöðvar auglýsa reglulega eftir starfsfólki með annað tungumál en íslensku. Mannauðsráðgjafar taka reglulega samtali við stjórnendur varðandi öll tækifæri sem gefast til að ráða starfsfólk af erlendum uppruna í ábyrgðar- og sérfraeðistöðum.	Velferðarstefna	VEL
Innleiðing aðgerða matarstefnu	Matarstefna borgarinnar fléttast inn í ýmsa þætti líkt og borgarumhverfi, umhverfisvernd og heilsuefningu. Með aðgerðaráætlun matarstefnu er stuðlað að þróun og mótun samfélagsins í sátt við umhverfi og heilsu. Meginmarkmið með innleiðingu aðgerða matarstefnu Reykjavíkurborgar er að stuðla að betri heilsu Reykvíkinga sem og því að borgin nái markmiðum sínum hvað varðar sjálfbærni og hagkvæmni þar sem við á. Aðgerðir matarstefnu stuðla einnig að lifandi grænu samfélagi, bættu fæðuöryggi og aðgengi að næringarríkum mat.	Í vinnslu - 2/2 2025	Stýrihópur hefur verið skipulagður til að vinna að endurskoðun og uppfærslu á aðgerðum Matarstefnu. Frá áramótum hefur þó vantað starfsmann í þann stýrihóp.	Matarstefna	VEL SFS o.fl.

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lýkilstofna	Svið
<b>Fræðsla og ráðgjöf um loftslagsmál og umhverfi fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi</b>	Stofna starfshóp um fræðslu í umhverfis- og loftslagsmálum. Stuðla markvisst að allsherjarvitundarvakningu um loftslagsmál og vistvænan lífsstíl í skóla- og frístundastarfi Reykjavíkurborgar. Að setja upp símenntunaráætlun fyrir kennara í grunnskólum Reykjavíkur varðandi loftslagsmál með það að markmiði að gera loftslagsmálum betri skil í kennslu í grunnskólum Reykjavíkur. Að setja upp fræðsluáætlun í loftslagsmálum fyrir starfsfólk leikskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva auk alls starfsfólks mötuneyta í skóla- og frístundastarfi.	Í vinnslu - 2/2 2024	Starfshópur var stofnaður. Gerður var samningur um fræðslumál við Landvernd. Samningurinn fékk ekki fjármögnun. Gerðar voru notendaprófanir á námsefni um umhverfis- og sjálfbærismál sem komu vel út. Námsfnið fékk ekki fjármögnun. Starfshópur hefur verið lagður niður.	Menntastefna Reykjavíkur	SFS
<b>Draga úr kolefnisspori – Innleiðing grænskjáa í grunnskólum</b>	Hluti af samstarfsverkefninu Vitundarvakning um loftslagsmál í grunnskólum snýst m.a. um að gera aðgengileg gögn um vistspor skóla, fræðslu um umhverfismál tiltekins skóla fyrir alla til að lesa og greina. Upplýsingar eru settar fram um kolefnislosun skólans ásamt undirliggjandi orsökum hennar, t.d. rafmagnsnotkun, samgöngur og úrgangsmýndun. Ávinningur verkefnisins er margþættur en lítur einna helst að styrkingu skólabarna í gagnadrifnu umhverfislæsi og getu þeirra til að hugsa um loftslags- og umhverfismál á gagnrýnninn, upplýstan, og skýran hátt.	Í vinnslu - 2/2 2024	Allir skólar hafa aðgang að kerfinu ef þeir það vilja. Boðið var upp á námskeið í að vinna með kerfið, sem heldur utan um vistspor skóla, á sumarsmiðjum kennara í ágúst. Námskeiðið var felld niður vegna þátttökuleysis. Aðgangur að kerfinu fer í gegnum miðstöð útivistar og útínáms. Koma þarf aðgangsstýringu að kerfinu í hendur þjónustu- og nýsköpunarsviðs, en til þess þarf fjármagn. Fræðsluefni tengt kerfinu og nýting á því var inni í samningi við Landvernd sem ekki hefur verið fjármagnaður.	Menntastefna Reykjavíkur	SFS
<b>Ráðgjöf og starfsþróun fyrir starfsfólk skóla- og frístundastarfs</b>	Áfram verður unnið að því að efla þekkingu og fæmi starfsfólks í skóla- og frístundastarfi til að vinna að stafrænni vegferð og inngildandi tækni í skóla- og frístundastarfi með börnum. Sérstök áhersla er lögð á fjölbreytt náms- og kennslugögn fyrir sérúrræði, eins og einhverfudeildir og íslenskuver.	Í vinnslu - 2/2 2024	Á fyrri hluta árs bauð Mixtúra, sköpunar- og tækniver skóla- og frístundasviðs, upp á meira en 20 fjölbreytt námskeið í notkun stafrænnar tækni fyrir kennara í leikskólum og grunnskólum auk starfsfólks í frístundastarfi. Auk þess á Mixtúra í virku samstarfi við Menntavísindasvið Háskóla Íslands þar sem áherslan er fyrst og fremst á fjölbreytta starfsþróun fyrir starfsfólk í skóla- og frístundastarfi.	Menntastefna Reykjavíkur	SFS
<b>Heilsueflandi skóla- og frístundastarf</b>	Markmiðið er að allir leik- og grunnskólar, frístundaheimili og félagsmiðstöðvar verði heilsueflandi starfsstaðir, unnið í samstarfi við Embætti landlæknis. Sérstaklega verður hugað að þáttum sem tengjast andlegri líðan með markvissum aðgerðum. Lögð áhersla á að bæta svefn unglinga með því að láta skóladaginn hefjast síðar á degi hverjum.	Í vinnslu - 2/2 2024	Heilsueflandi grunnskólar eru 28 talsins og leikskólarnir eru 36. Áhersla hefur verið á fræðslu innan grunnskóla. Eitt af fræðslutilboðum á Menntastefnumóti 17. maí þar sem allir starfsmenn SFS tóku þátt var um heilsueflandi grunnskóla. Jafnframt var ákveðið að hafa fræðslu um heilsueflandi grunnskóla frá Embætti Landlæknis í sumarsmiðjum fyrir kennara grunnskólanna í ágúst 2024. Samþykkt var í skóla- og frístundaráði og borgarráði að fara í þriggja ára tilraunaverkefni á unglingastigi að seinka byrjun skóladags. Ákveðið var að skóladagur unglinga myndi hefjast í fyrsta lagi kl. 08:50 frá hausti 2024 en önnur útfærsla færi fram í hverjum skóla eins og hentaði best á hverjum stað fyrir sig.	Menntastefna Reykjavíkur	SFS
<b>Forvarnarteymi um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi</b>	Að efla og styðja forvarnarteymi um kynbundið og kynferðislegt ofbeldi sem stofnuð hafa verið í grunnskólum til að sinna forvarnarhlutverki sínu.	Í vinnslu - 2/2 2024	Forvarnarteymi eru í öllum grunnskólum og eiga að vera virk. Netnámskeið Barna- og fjölskyldustofu er komið og allt starfsfólk á að taka það. Jafnréttisskólinn kallaði eftir tölum um þátttöku í maí 2024 og ljóst er að þörf er á að ítreka enn frekar á haustmánuðum.	Menntastefna Reykjavíkur	SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Innleiðing farsældardaga</b>	Í samstarfi velferðarsviðs og skóla- og frístundasviðs er unnið að verkefninu Betri Borg fyrir Böm (BBB) í öllum borgarhlutum þar með talið innleiðingu laga um farsæld bama. Meginmarkmið laganna er að börn og foreldrar sem á þurfa að halda hafi aðgang að samþættri þjónustu við hæfi án hindrana.	Í vinnslu - 2/2 2024	Unnið var að gerð nýrra ferla í starfi leikskóla, grunnskóla og í frístundastarfi, miðstöðva og Barnavemdar út frá markmiðum Betri borgar fyrir börn og farsældarlaga. Ferlamir voru tilbúnir í júní. Sett voru af stað Lausnateymi í alla grunnskóla (tekur einnig yfir frístundastarfið) og leikskóla borgarinnar. Fyrsti farsældardagur Reykjavíkur var haldinn í febrúar og hann sóttu um 550 manns, flestir fagfólk sem starfar í Reykjavík í þágu bama. Farið var yfir framgang í innleiðingu. Útbúið var fræðsluefni fyrir stjórnendur og starfsfólk á skóla- og frístundasviði og velferðasviði sem vinnur að farsældinni.	Menntastefna Velferðarstefna	SFS
<b>Úthlutun fjármagns í leikskólum og frístundastarfi</b>	Við endurskoðun á reiknilíkani fjárveitinga til starfsemi leikskóla, frístundaheimila og félagsmiðstöðva verður lagt mat á kosti þess og galla að breyta fjárveitingum til sérkennslu og stuðnings í starfi þeirra.	Í vinnslu - 2/2 2024	Ekki enn komið til framkvæmda þar sem gerð fjárhagslíkans hefur tafist. Vinna við gerð reiknilíkans fyrir leikskóla er langt komin. Að henni lokinni hefst vinna við gerð reiknilíkans fyrir frístundastarfseminna.	Menntastefna	SFS
<b>Stuðningur við börn og foreldra með fjölbreyttan tungumála og menningar bakgrunn</b>	Að fylgja eftir gagnvirkum samningi við Móðurmálsamtökin.	Í vinnslu - 2/2 2024	Innleiðing á sænska matstækinu hjá ráðgjöfum MML hefur gengið vel, með helming grunnskóla í Reykjavík að nota kerfið samkvæmt könnun vorið 2023 könnun. Skólar með stóran hóp nýkominna nemenda hafa þó átt í erfiðleikum við innleiðingu vegna tímaskorts, húsnæðismála og forfalla kennara. MML veitir upplýsingar á heimasíðu, hélt námskeið haustið 2023 og útbjó námslínu á Torginu vorið 2024.  Bókin Orð eru ævintýri kom út nóvember 2023 bæði í prentuðu og rafrænu formi. Kennsluleiðbeiningar fyrir íslensku sem annað mál komu út í febrúar 2024 og hugmyndabanki fyrir leikskóla í apríl 2024. Hliðarefni eins og gagnvirkir leikir og þýddar leiðbeiningar eru tiltækar. Frekari fræðsla verður skipulögð þegar verkefnið er fært til Miðstöðvar- menntunar og skólaþjónustu (MMS).  Ráðgjafar Miðju máls og læsis kynntu málstefnu fyrir stjórnendum og vinna nú með mörgum leik- og grunnskólum að mótun og innleiðingu málstefnu. Vinna í frístundastarfi hefur farið hægar af stað en er fyrirhuguð fyrir skólaárið 2024-2025. Leiðbeiningar um málstefnu eru nú á heimasíðu Miðju máls og læsis.	Menntastefna	SFS
<b>Regnbogavottun í skóla- og frístundastarfi</b>	Að allir starfsstaðir skóla- og frístundasviðs fái regnbogavottun í samstarfi við mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar fyrir lok árs 2024.	Í vinnslu - 2/2 2024	Á vorönn 2024 fjölgaði starfsstöðum hjá skóla- og frístundasviðs með regnbogavottun úr 65 í 85. Skrifstofa skóla- og frístundasviðs er með vottun. Leikskólar= 9 búnir, 2 í ferli. Grunnskólar=18 búnir, 3 í ferli. Allar félagsmiðstöðva nema ein eru komnar með Regnbogavottun en það er í ferli. 32 frístundaheimili eru komin með Regnbogavottun. Nokkur frístundaheimili sem eru samrekin með grunnskólum eru eftir og fara þau með sínum grunnskólum þegar þeir eru teknir af biðlista sem klárast vonandi vorið 2025.	Menntastefna	SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Menningarnámskrá Reykjavíkurborgar</b>	Unnin verði menningarnámskrá Reykjavíkurborgar þar sem sett verða fram viðmið um menningar- og listþátttöku barna í skóla- og frístundastarfi og helstu vörður um þau menningarilboð sem boðið er upp á fyrir börn á hverju aldurskeiði.	Í vinnslu - 2/2 2024	Kortlagning á framboði menningartengdra heimsólna er hafin og unnið að því að koma á menningarvörðum. Verið er að koma á menningartenglum á starfseiningum skóla- og frístundasviðs og eru flestir grunnskólar búnir að skipa slíka tengla og er fyrirhugað að leikskólamir geri það líka. Vinnan við gerð menningarvarða er unnin í samstarfi við þá.	Menntastefna	SFS
<b>Betri borg fyrir fjöltyngd börn</b>	Verkefnið snýst um að hjálpa foreldrum að styðja við fjöltyngd börn sín. Yfir 70 tungumál eru töluð í grunnskólum Reykjavíkur. 8 af 10 fjöltyngdum börnum eru tveimur staðalfrávikum frá meðalskilningi á námsorðaforða í bekk. Lesskilningur annarrar kynslóðar innflytjenda er nánast sá sami og fyrstu kynslóðar, sem þýðir að stuðningur í skólum skilar ekki tilætluðum árangri.  Eftir viðtöl við börn, foreldra, sérfræðinga o.fl. hafa hugmyndir verið valdar sem gagnast fjöltyngdum börnum og fjölskyldum þeirra best til að aðlagast íslensku samfélagi og læra íslensku. Lausnirnar eru ólíkar og ná til ólíkra þátta, þar á meðal skólastarfs, tómstunda og heimilislífs. Lausnirnar fara núna í notendaprófanir, ítranir og prótótýpugerð. Í því ferli mun skýrast hvers eðlis lausnirnar verð, þ.e. hverjar verða stafrænar og hverjar staðbundnar. Þróun og innleiðing mun eiga sér stað fyrri hluta árs 2024. Verkefnið er fjármagnað með styrk frá Bloomberg Philanthropies.	Í vinnslu - 1/2 2024	Aðkomu PON að verkefninu er lokið og urðu þrjár afurðir úr verkefninu sem eru tilbúnar til afhendingar til skóla- og frístundasviðs. <ul style="list-style-type: none"> <li>— Sammála – tilbúin til afhendingar</li> <li>— Markmiðasetning - tilbúin til afhendingar</li> <li>— Upplýsingasíða fyrir fjöltyngdar fjölskyldur– greiningarvinna og hönnun tilbúin til afhendingar.</li> </ul> Skóla- og frístundasvið í formlegu samstarfi við Miðstöð menntunar og skólaþjónustu (MMS) í þróunarverkefninu MEMM - Menntun Móttaka Menning sem hófst í apríl 2024. MMS hefur ákveðið að taka tvær afurðirnar og gefa þær út á landsvísu. Verkefnið verður afhent frá þjónustu- og nýsköpunarsviði á næstu vikum.	Þjónustustefna	PON SFS
<b>Þróunar-og nýsköpunarsjóður skóla- og frístundasviðs</b>	Haldið verði áfram að úthluta fjármagni til þróunar- og nýsköpunarstarfs vegna innleiðingar menntastefnu. Verkefnum og niðurstöðum þess verði miðlað á vef menntastefnu, á námskeiðum og fræðslufundum auk þess sem uppskeruhátið. Menntastefnumót verður haldið 17. maí 2024.	Í vinnslu - 2/2 2024	Annað árið í röð var fjármagn í sjóðnum 100 milljónir í stað 200 milljóna. Var því úthlutað í upphafi árs með aðeins breyttum viðmiðum frá því fyrr þar sem fjármagnið var minna. Kallað verður eftir skýrslum um nýtingu styrkja síðari hluta árs. Menntastefnumót var haldið 17. maí þar sem allir starfsmenn skóla- og frístundasviðs tóku þátt. Fyrri hluta dags var dagskráin í streymi, innlegg fyrir alla og síðan um 40 tilboð um rafræna fræðslu. Frá hádegi var dagskrá í hverfum skipulögð af stjórndendum þar.	Menntastefna	SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Stuðningur við börn með fjölbreyttan tungumála- og menningarbakgrunn</b>	Að fylgja eftir innleiðingu sænska matstækisins fyrir grunnskólana nýkomna til Íslands. Stuðningur við gerð málstefnu á starfsstöðum skóla- og frístundasviðs. Að styðja við notkun á bókinni Orð eru ævintýri meðal foreldra og starfsfólks.	Í vinnslu - 2/2 2024	<p>Innleiðing á sænska matstækinu hjá ráðgjöfum MML hefur gengið vel, með helming grunnskóla í Reykjavík að nota kerfið samkvæmt könnun vorið 2023. Skólar með stóran hóp nýkominna nemenda hafa þó átt í erfiðleikum við innleiðingu vegna tímaskorts, húsnæðismála og forfalla kennara. MML veitir upplýsingar á heimasíðu, hélt námskeið haustið 2023 og útbjó námslínu á Torginu vorið 2024.</p> <p>Bókin Orð eru ævintýri kom út í nóvember 2023 bæði í prentuðu og rafrænu formi. Kennsluleiðbeiningar fyrir íslensku sem annað mál komu út í febrúar 2024 og hugmyndabanki fyrir leikskóla í apríl 2024. Hliðarefni eins og gagnvirkir leikir og þýddar leiðbeiningar eru tiltækar. Frekari fræðsla verður skipulögð þegar verkefnið er fært til Miðstöðvar- menntunar og skólaþjónustu (MMS).</p> <p>Ráðgjafar Miðju máls og læsis kynntu málstefnu fyrir stjórnendum og vinna nú með mörgum leik- og grunnskólum að mótun og innleiðingu málstefnu. Vinna í frístundastarfi hefur farið hægar af stað en er fyrirhuguð fyrir skólaárið 2024-2025. Leiðbeiningar um málstefnu eru nú á heimasíðu Miðju máls og læsis.</p>	Menntastefna	SFS
<b>Aukin kynja- og jafnréttisfræðsla</b>	Að efla fræðslu, þjálfun og þekkingu starfsfólks skóla- og frístundasviðs á þessu sviði.	Í vinnslu - 2/2 2024	Bætt var einu stöðugildi í Jafnréttisskólann frá hausti 2023 sem stórefldi starfsemi hans. Búið er að setja nokkrar fræðslur fyrir starfsfólk á Torgið, halda málþing um hinsegin- og kynfræðslumálefni, halda vinnustofu fyrir stjórnendur og fulltrúa forvarnarteyma um kynbundið ofbeldi og vinnustofu fyrir kennara um kynfræðslu. Búið er að útbúa handbók fyrir starfsfólk leikskóla um jafnréttisstarf með börnum og þrjú lærdómssamfélög fyrir starfsfólk voru í boði fyrir starfsfólk grunnskóla og frístundastarfs í vor og gengu vel.	Menntastefna	SFS

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Endurskoða stefnur menningarstofnana og menningarverkefna MÍR til samræmis við menningarstefnu borgarinnar og Græna planið</b>	Ný stefna Borgarbókasafns sem áætlað er að verði tilbúin haustið 2024. Einnig er unnið að nýrri stefnu fyrir Listasafn Reykjavíkur. Borgarsögusafn hefur lokið við stefnumótun og er í innleiðingarfasa. Vinna þarf stefnur fyrir Bókmenntaborg og Tónlistarborg.	Í vinnslu - 2/2 2024	Hefja þarf vinnu að stefnu fyrir tónlistarborg og bókmenntaborg.	Menningarstefna Reykjavíkurborgar	MÍR
<b>Græn skref og umhverfismarkmið menningarstofnana</b>	Menningarstofnanir Reykjavíkur klára innleiðingu grænna skrefa og gera umhverfis- og sjálfbæmiáætlanir.	Ekki hafið - 1/2 2025	Vinna við aðgerð ekki hafin.	Menningarstefna Reykjavíkurborgar	MÍR
<b>Stefnumótun fyrir listamiðstöð á Korpúlfsstöðum</b>	Starfshópur settur saman til að vinna stefnumótun um framtíð listamiðstöðvar á Korpúlfsstöðum.	Í vinnslu - 2/2 2025	Skýrsla um listamiðstöð á Korpúlfsstöðum er í vinnslu og stefnt er að því að henni verði skilað fyrir lok árs 2024.	Menningarstefna Reykjavíkurborgar	MÍR
<b>Kortlagning á listrymum í borginni</b>	Kortlagning á dreifingu, fjölda, stærð og aðstöðu listryma í borginni með það að markmiði að styðja betur við listafólk. Rými fyrir viðburðahald úti og inni og vinnustofurými. Skoða vel dreifingu milli listgreina og rými fyrir grasrót og ungt listafólk. Gera uppbyggingaráætlun í samvinnu við viðeigandi hverfaráð og ungmenna ráð. Skoðað verður hvort unnt sé að ráða háskólanema tímabundið til að fara í þessa kortlagningu.	Í vinnslu - 2/2 2025	Verið er að þarfagreina rými fyrir sviðslistir og tónlist. Önnur vinna er ekki hafin.	Menningarstefna Reykjavíkurborgar	MÍR

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lýkilstefna	Svið
<b>Hönnunarsamkeppni um breytingar á Laugardalslaug</b>	Með hönnunarsamkeppni er stefnt að því að Laugardalslaug ásamt stúkumannvirki og útisvæðum verði endurbætt og verði að lýðheilsu- og menninga miðstöð. Samkomustaður í viðum skilningi þar sem ólík starfsemi fléttast saman og áhersla er lögð á góða þjónustu við almenning. Þá er lögð áhersla á að öll hönnun og úrbætur taki tillit til umhverfsvæna lausna og viðmiða og að áhersla verði lögð á endurnýtingu og sjálfbæmi í samræmi við hugmyndafræði Græna plansins. Hönnunarsamkeppnin verður í tveimur þrepum og haldin í samráði við Arkitektafélag Íslands.	Í vinnslu - 1/2 2026	Það er búið að taka ákvörðun um að stúkan í Laugardalslaug verði rifin vegna breyttra forsendna sem byggir á nýrri skýrslu um ástand stúkunnar. Verið er að vinna í forsögninni áfram.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
<b>Fristundavefurinn Fristund.is</b>	Fristund.is er upplýsingavefur sem hefur m.a. að geyma námskeið sem eru í boði á hverjum tíma fyrir börn. Aðildarfélag geta auglýst hvaða námskeið þau bjóða upp á hverju sinni. Vefurinn er í þróun og hefur verið stofnaður starfshópur með öðrum sviðum borgarinnar til að hugsa vefinn upp á nýtt. Stefnt er að því að nýr vefur verði klár í lok árs 2024.	Í vinnslu - 2/2 2024	Verkefnið er á áætlun og gengur vel. Hönnunarskrifstofan Júní hefur aðstoðað borgina við gerð á nýjum vef. Það er enn þá stefnan að vefurinn verði kominn í loftið um áramót 2024/2025. Fram að því er Fristund.is í notkun.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
<b>Endurnýjun á innilaug Sundhallar</b>	Til stendur að endurgera sundlaugarbakkann og laugarkerið í innilaug Sundhallar Reykjavíkur sem komið er til ára sinna. Vonast er til að næsta haust verði framkvæmdir byrjaðar og búið er við að þær standi yfir allt árið 2025 og hluta árs 2026. Til stendur að bæta gufuaðstöðu og bæta við pottum uppi á svölum. Búið er að samþykka byggingarleyfissókn.	Í vinnslu - 1/2 2026	Hönnunin er að verða fullkláruð og verður tilbúin haustið 2024. Framkvæmdir munu standa yfir í þrjú ár. Stefnt er að því að framkvæmdir hefjist haustið 2025.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
<b>Uppbygging á skiðasvæðum</b>	Á skiðasvæðum höfuðborgarsvæðisins er uppbygging samkvæmt samkomulagi sveitarfélaganna. Til stendur að fara í framkvæmdir í Skálafelli árið 2025. Í Bláfjöllum stendur til að bæta við stólalyftu í Eldborgargili og toglyftu í Kerlingadal.	Í vinnslu - 1/2 2028	Framkvæmdum í Skálafelli hefur verið frestað til 2025. Vinna við kortlagningu á aðstöðu fyrir jaðarsport í borginni ekki hafin.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
<b>Stefnumörkun og aðgerðaáætlun um bættu aðstöðu og aðgengi fyrir jaðarsport í borginni</b>	Kortlagning aðstöðu fyrir jaðarsport í borginni og í framhaldinu móta stefnu auk aðgerðaáætlunar til að bæta aðstöðu og koma betur til móts við þennan fjölbreytta hóp fólks sem stundar jaðarsport í borginni.	Ekki hafið - 2/2 2025		Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lýkilstefna	Svið
<b>Uppbygging Vetrargarðs í Breiðholti</b>	Framkvæmdir eru hafnar við uppbyggingu Vetrargarðs í Breiðholti samhliða framkvæmdum við Arnarnesveg. Vetrargarðurinn er fjölskyldugarður með starfsemi allt árið. Gert er ráð fyrir fjölbreyttum skiðaleiðum fyrir byrjendur auk brekkna til æfinga fyrir skiðafélögin. Á sumrin verða í boði fjölbreyttar hjólaleiðir auk þurrskiðunar þegar garðurinn hefur tekið á sig fulla mynd. Markmiðið er að geta tekið á mótí hópum frá leik, grunn- og frístundastarfi. Framkvæmdir við garðinn verða í áföngum en fyrsti áfangi er þegar hafinn með landmótun. Gert er ráð fyrir að fyrsta lyfta verði tekin í notkun um áramótin 2025/26.	Í vinnslu - 2/2 2025	Vinna við landmótun er í fullum gangi og er gert ráð fyrir að henni ljúki á vormánuðum 2025. Næsti áfangi er að fullvinna svæðið m.t.t. bílastæða, lýsingar og gróðursetningar. Einnig er stefnt að því í sama áfanga að bjóða út lyftu og uppsetningu á henni ásamt bráðabirgðahúsnæði fyrir móttöku almennings og hópa, salernisáðstöðu, stjórnstöð, geymslum og aðstöðu fyrir starfsfólk, frágangi á veitu- og lagna kerfi, lýsingu í brekkum og uppsetningu snjógirðinga.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
<b>Uppbygging í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum</b>	Byggja á nýja selalaug og nýtt þjónustuhús í Fjölskyldu- og húsdýragarðinum. Framkvæmdirnar eru með aukna velferð dýra að leiðarljósi auk þess sem aðstaða fyrir fræðslustarf verður bætt. Samhliða verður farið í heildarendurskoðun á starfsemi garðsins er lýtur m.a. að aukinni útiveru og fjölbreyttri afþreyingu í fjölskyldugarðinum fyrir alla, þróun og endurskoðun á starfsemi húsdýragarðsins auk áframhaldandi þróunar á fræðslutilboðum til barna og ungmenna í leik-, grunn- og frístundastarfi.	Í vinnslu - 1/2 2025	Fyrir liggja tillögur vegna vinnu við fjárfestingar- og framkvæmdaáætlun borgarinnar fyrir árið 2025 varðandi framkvæmdir fyrir Fjölskyldu- og húsdýragarðinn. Þar er lögð á hersla á endurnýjun mannvirkja og tækja sem komin eru til ára sinna og koma ekki til móts við þá þjónustu, upplifun og starfsemi sem garðinum er ætlað að veita. Einnig liggur þar fyrir tillaga um að byggja þjónustuhús fyrir dýr og selalaug í tveimur áföngum, þjónustuhúsið árið 2025 og selalaug árið 2026. Fyrir liggur tilbúin hönnun og teikningar af þjónustuhúsinu og selalauginni. Meðal þeirra verkefna sem þarf að fara í er að bæta hljóðvist í kaffiteiru og glerskála, hanna og breyta hlöðu í fræðslusetur til að taka á mótí skólahópum, bæta aðstöðu fyrir framandi dýr og smádýr og fuglahús, endurnýjun kastalavæðis o.fl. Vinna er hafin við að þróa fræðslutilboð fyrir garðinn og samþætta fræðslu sem fram á vegum Miðstöðvar útivistar og útináms (MÚÚ).	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
<b>Stefnumótun Fjölskyldu- og húsdýragarðsins</b>	Árið 2024 verði stofnaður starfshópur sem fær það hlutverk að móta stefnu garðsins til næstu ára. Markmiðið verður m.a. að stuðla að aukinni útiveru og fjölbreyttri afþreyingu í fjölskyldugarðinum fyrir alla, þróun og endurskoðun á starfsemi húsdýragarðsins auk áframhaldandi þróunar á fræðslutilboðum til barna og ungmenna í leik-, grunn- og frístundastarfi.	Ekki hafið - 2/2 2025	Stofnaður verður starfshópur um verkefnið fyrir árslok 2024.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
<b>Stefnumótun Sundlauga Reykjavíkurborgar</b>	Forstöðumenn ásamt skrifstofu menningar- og íþróttasviðs fara í stefnumörkun, endurskoða framtíðarsýn og setja sér lykilmarkmið til framtíðar.	Ekki hafið - 2/2 2024	Greiningarvinnu er lokið. Búið er að lista upp skammtíma og langtímaverkefni. Næstu skref er að stofna vinnuhópa sem vinna að því að móta aðgerðaráætlun og innleiðingu langtímaverkefna s.s. rýni á hlutverki og starfslýsingu forstöðumanna og vaktstjóra í sundlaugum. Dæmi um langtímaverkefni eru innleiðing á þjónustustefnu og markviss fræðsluáætlun.	Íþróttastefna Lýðheilustefna	MÍR
<b>Auka hagkvæmni í rekstri íþróttamannvirkja borgarinnar</b>	Taka rekstrarfundi með íþróttafélögum tvisvar sinnum á ári til að rýna ársreikninga, rekstur og rekstraráætlun.	Ekki hafið - 1/2 2025	Þessi vinna er ekki hafin og frestast til 2025. Nauðsynlegt að setja vinnuhóp frá skrifstofu menningar- og íþróttasviðs og Íþróttabandalagi Reykjavíkur.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR




Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Markaðs- og kynningarmál</b>	Til stendur að endurskoða heildstætt markaðs stefnu menningar- og íþróttasviðs þar sem tvö svið sameinuðust í eitt svið í ársbyrjun 2023.	Ekki hafið - 2/2 2025	Samtal og þarfagreining er hafin við stofnanir innan menningar- og íþróttasviðs. Næst á dagskrá er að stofna starfshóp fyrir verkefnið.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR
<b>Uppbygging í Efra-Breiðholti: Dans- og fimleikahús</b>	Til stendur að fara í samkeppni um nýtt dans- og fimleikahús við Gerðuberg 1 í Breiðholti. Byggingin verður staðsett í hverfismiðjunni við Austurberg, samkvæmt tillögum að nýju hverfisskipulagi fyrir Breiðholt. Miðað er við að byggingin verði 2-3 hæðir og 2.-3.000m <sup>2</sup> að stærð. Rýmið mun innihalda fimleikasal, þrjá danssali, black box sal, karatesal, búningaáðstöðu, geymslurými og a nddyri. Aðliggjandi rými munu innihalda áhaldageymslu, búningaklefa, áðstöðu starfsfólks/íþróttakennara, hvíldaraðstöðu/sjúkraherbergi, snyrtingar og stjómunar- og starfsmannarými. Gera skal ráð fyrir samnýtingu bílastæða á nærliggjandi lóðum og unnið hefur verið samgöngumat þar sem gerð er grein fyrir aðkomu íbúa og gesta að byggingunni.	Ekki hafið - 2/2 2026	Verkefnið er í vinnslu. Starfshópur heldur utan um vinnuna.	Íþróttastefna Lýðheilsustefna	MÍR

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lýðheilsustefna	Svið
Lýðheilsuáætlun	Lýðheilsuáætlun eru gefnir út árlega, og þeir þróaðir eins og þörf krefur. Lýðheilsuáætlun varpa ljósi á helstu þætti lýðheilsu sem einkenna samfélagið sem við búum í. Leitast er við að velja vísa sem gefa heildstæða, raunsæja og lýsandi mynd af heilsu í Reykjavík og að birta ekki viðkvæmar upplýsingar eins og niðurbrot á einstökum hverfum eða skólum, eða persónugreinanlegar upplýsingar.	Í vinnslu - 2/2 2025	Embætti landlæknis hefur þróað lýðheilsuáætlun sína áfram og birt gögn rekjanleg niður á sveitarfélög, þ.a.l. vann Reykjavíkurborg ekki sér lýðheilsuáætlun. Verið er að vinna að mælikvörðum Græna plansins og þar er planið að mælikvarðar lýðheilsu verði þróaðir áfram til þess að mæta umhverfi og innviðum sem er ekki hluti af lýðheilsuáætlun embættisins sem stendur.	Lýðheilsustefna	SBB
Uppfærð aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu 2024-2026	Fyrsta aðgerðaáætlun Lýðheilsustefnu var samþykkt 5. október 2021. Uppfæra á aðgerðaáætlunina og mun hún gilda 2024-2026.	Í vinnslu - 1/2 2024	Unnið er að uppfærslu aðgerðaráætlunar Lýðheilsustefnu og stefnt er að samþykkt í október 2024.	Lýðheilsustefna	SBB
Innleiðing á velsældarhagkerfi	Velsældarhagkerfi er hagkerfi þar sem lykilæðingvarðar á stöðu og árangri eru ekki aðeins hagvöxtur og þjóðarframleiðsla heldur einnig mælikvarðar sem snúa að heilsu, lífsgæðum og hamingju íbúa, jöfnuði og jafnrétti, umhverfinu og meta almennt allar þrjár grunnstoðir sjálfbærni í samfélaginu.  Áhersla verður lögð á að skilgreina mælikvarðar og taka þátt í tilraunaverkefni á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (e. WHO Healthy Cities).	Í vinnslu - 2/2 2030	Reykjavíkurborg tók þátt í pilot-verkefni á vegum WHO HCN sem lýkur um áramótin 2024/25. Áherslupunktur eru skilgreining á mælikvörðum og þátttaka í málstofum.	Lýðheilsustefna  Græna planið	SBB
Lýðheilsusjóður Heilsueflandi hverfa	Reykjavíkurborg er virkur þátttakandi í starfi Embættis landlæknis um Heilsueflandi samfélag, og er í þéttu samstarfi við Embætti landlæknis, Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og önnur sveitarfélög um bestu framkvæmd og þróun starfsins. 2022 var komið á fót lýðheilsusjóði Heilsueflandi hverfa þar sem árlega er úthlutað til þjónustumiðstöðva í framkvæmd verkefna sem styðja við lýðheilsu í hverfum. Tekið er mið af markmiðum Heilsueflandi samfélags við ráðstöfun fjármuna og áhersla lögð á sýnileika verkefna.	Í vinnslu - 2/2 2025	Aðgerðaáætlun heilsueflandi hverfa fyrir árið 2024 var uppfærð. Sama upphæð fer til lýðheilsuverkefna.	Lýðheilsustefna	SBB
Aldursvæn borg	Reykjavíkurborg hefur verið þátttakandi í tengsla Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um aldersvæn borgir síðan árið 2015. Markmiðið með þátttökunni er að gera Reykjavíkurborg aðgengilega, aðlaðandi og hentuga fyrir eldri íbúa og um leið betri borg til að búa í fyrir alla íbúa og aldurshópa.	Í vinnslu - 2/2 2025	Unnið er að stefnumótun í málefnum eldra fólks með áherslu á átta málsvæðing borga. Stefnumótun á að ljúka á haustmánuðum.	Velferðarstefna Lýðheilsustefna	VEL SBB

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar í jafnréttis- og mannréttindamálum</b>	Í áætluninni eru sett fram markmið og aðgerðir til að koma í veg fyrir mismunun og stuðla að jafnri meðferð við ráðstöfun fjármagns, við veitingu þjónustu og í mannauðsmálum. Áætlunin nær því þvert á alla starfsemi borgarinnar, og tengist öðrum stefnum og áætlunum sem borgin hefur samþykkt, eins og græna planinu, aðgengisstefnu, aðgerðaáætlun gegn ofbeldi, mannauðsstefnu, jafnlaunastefnu, velferðarstefnu, íþróttastefnu, menningarstefnu o.fl. Í mannréttindastefnu borgarinnar skuldbinda borgaryfirvöld sig til að vinna að mannréttindum á fjórum megin sviðum þar sem hvert svið endurspeglar margbætt hlutverk og skyldur borgarinnar; sem stjórnvalds, sem atvinnurekanda, sem veitanda þjónustu og sem samstarfsaðila. Í aðgerðaáætlun í jafnréttis- og mannréttindamálum eru sett fram 51 markmið og 108 aðgerðir á þessum fjórum sviðum til að stuðla að jafnrétti og mannréttindum.	Í vinnslu - 2/2 2026	Ensk þýðing aðgerðaáætlunarinnar hefur verið birt á vefsíðu borgarinnar. Staða aðgerða er tekin reglulega og birt á vefsíðu borgarinnar og kynnt fyrir mannréttinda- og ofbeldisvarnarráði tvisvar sinnum á ári. Árlega skal ræða stöðu og framvindu áætlunarinnar í borgarstjórn. Stöðutaka var gerð í upphafi árs 2024 og þá var sjö aðgerðum lokið, 22 aðgerðir höfðu verið innleiddar í verklag, 51 aðgerðir í vinnslu og 26 aðgerðir ekki hafnar. Næsta stöðutaka er í vinnslu og er gert ráð fyrir að sú stöðutaka verði kynnt fyrir borgarstjórn haustið 2024.	Mannréttinda-stefna	MAR
<b>Hverfið mitt</b>	Hverfið mitt er samráðsverkefni íbúa og stjórnvæla borgarinnar. Þar gefst íbúum kostur á að hafa áhrif á sitt nánasta umhverfi með því að senda inn hugmyndir að nýjum og smærri verkefnum í öllum hverfum Reykjavíkurborgar. Samráðsverkefnið snýst í grunninn um forgangsriðun fjármuna til verkefna, stundum kallað þátttöku-fjárhags-áætlunargerð. Hugmyndin er að virkja almenning til þátttöku í lýðræðislegri umræðu og ákvarðanatöku. Fjármagninu er skipt á milli hverfa, að hluta til jafnt einnig eftir íbúafjölda.	Í vinnslu - 1/2 2026	Verið er að framkvæma verkefni sem voru kosin haustið 2023. Alls voru kosin 62 verkefni árið 2023. Fjármagn til að framkvæma verkefni er 450 milljónir, 250 milljónir fara í verkefni sem annaðhvort eru tilbúin eða eru í framkvæmd í ár 2024. 250 milljónir fara í verkefni sem framkvæma á árið 2025. Hægt er að skoða öll verkefni og stöðu þeirra inni á: <a href="https://hverfidmitt.is/hugmyndir">https://hverfidmitt.is/hugmyndir</a>	Lýðræðisstefna	MAR USK
<b>Regnbogavottun Reykjavíkur</b>	Allir starfsstaðir Reykjavíkurborgar geta fengið regnbogavottun. Markmiðið með Regnbogavottun Reykjavíkurborgar er að gera starfsemi Reykjavíkurborgar hinseginvænni, bæði fyrir starfsfólk og þjónustugega og þannig koma í veg fyrir beina og óbeina mismunun í garð hinsegin fólks.	Í vinnslu - 2/2 2030	Frá janúar-júní 2024 hlutu 27 starfsstaðir hjá borginni Regnbogavottun. Verkefnið er komið að þolmörkum þar sem einungis einn starfsmaður sinnir því og langur biðlisti er að komast að. Verið er að taka inn af biðlista hægt og bitandi.  Verkefnið er þess eðlis að um leið og starfsstaður tekur þátt og hlýtur vottun fær hann viðvarandi þjónustu og endurmenntun (reglubundna fræðslu). Það segir sig sjálft að ekki er hægt að bæta endalaust við verkefnið án þess að bæta við starfskrafti.	Mannréttinda-stefna Menntastefna	MAR
<b>Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn ofbeldi 2022-2024</b>	Markmið áætlunarinnar er að fá yfirsýn yfir þau fjölmörgu verkefni sem borgin sinnir í vinnu gegn ofbeldi. Henni er einnig ætlað að vera vegvísir og er sett fram til að tryggja að þau verkefni sem tilgreind eru séu framkvæmd. Aðgerðaáætlun Nordic Safe Cities er hluti af áætluninni.	Í vinnslu - 2/2 2024	Undirbúningur vegna nýrrar aðgerðaáætlunar hófst á vormánuðum 2024 og munu drög verða lögð fyrir borgarstjórn/borgarráð í lok ársins.	Mannréttinda-stefna	MAR

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Inngilding, innflytjendur og uppruni</b>	Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu starfa sérfræðingar sem sinna m.a. utnumhaldi um fjölmenningsráð, málefni innflytjenda, inngildingu og fræðslu um málaflokkinn. Skrifstofan hefur það hlutverk að fylgja stöðu aðgerða stefnu í málefnum innflytjenda, flóttafólks og umsækjenda um alþjóðlega vemd.	Í vinnslu - 2/2 2030	Stefna í málaflokknum rann út í byrjun árs 2023 og beðið er eftir að stýrihópur um nýja stefnumótun verði skipaður og hefji störf.	Mannréttinda-stefna Stefna Reykjavíkurborgar í málefnum innflytjenda, hælisleitenda og flóttafólks	MAR
<b>Aðgengi og fatlað fólk</b>	Á mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu starfar sérfræðingur sem sinnir m.a. utnumhaldi um aðgengis- og samráðsnefnd í málefnum fatlaðs fólks. Aðgengisfulltrúi hefur störf hjá Reykjavíkurborg í byrjun árs 2024 og starfar m.a. að verkefnum nefndarinnar. Unnið að aðgerðum til að sporna gegn ofbeldi gagnvart fötluðu fólki í tengslum við verkefnið Saman gegn ofbeldi.	Í vinnslu - 2/2 2025	Verið er að fylgja eftir aðgerðum aðgengisstefnunnar, í haust verður farið af stað í aðgerðir tengdar málefnum fatlaðs fólks í aðgerðaáætlun mannréttinda stefnunnar, aðgengis- og samráðsnefnd fundar aðra hverja viku og fjallar um margvísleg verkefni tengd aðgengismálum og stöðu fatlaðs fólks	Mannréttindastefna Aðgengisstefna	MAR
<b>Framboð upplýsinga á ensku</b>	Aukið framboð upplýsinga frá borginni á ensku til þess að auðvelda aðlögun erlendra íbúa að samfélaginu.	Í vinnslu - 1/2 2024	Meginhluti síðna á Reykjavík.is er speglaður á góðri og einfaldri ensku með sama orðaforða og stíl. Með þessu hafa annarsmálshafar nákvæmlega sömu upplýsingar og þau sem lesa íslensku.	Velferðarstefna	MAR





Reykjavík

# Stoðaðgerðir og samvinna við fyrirtæki borgarinnar



# Stoðaðgerðir Græna plansins 2024-2025

1/2

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Mannauðsmál Reykjavíkurborgar</b>	Mannauðs- og starfsumhverfissvið vinnur að því að byggja upp öfluga mannauðsþjónustu í því skyni að laða að, styðja við og þróa starfsfólk þannig að það geti þjónað borgarbúum á þann hátt sem ávinnur sér virðingu og traust samfélagsins. Einnig að starfsfólk borgarinnar hafi þá hæfni og færni sem þarf til mæta ábyrgð í starfi og veita það þjónustustig sem sett hefur verið.	Í vinnslu - 2/2 2025	Í upphafi árs varð sú breyting á að launaskrifstofa varð hluti af mannauðs- og starfsumhverfissviði og hefur því verið unnið að þeim breytingum sem felast í sameiningu á sviðinu á fyrstu 6 mánuðum ársins. Ýmis ný verkefni urðu því líka hluti af starfsemi sviðsins og í maí tók launaskrifstofa í notkun þjónustugátt fyrir stjórnendur. Á þessum fyrstu mánuðum ársins 2024 hefur líka verið lögð áhersla á innleiðingu á fræðslukerfinu Torgið og hefur nú allt starfsfólk aðgang að kerfinu og þeirri fjölbreyttu fræðslu sem þar er að finna. Nýtt stuðnings- og ráðgjafateymi var sett á fót á vormánuðum en það er ein þeirra aðgerða sem er að finna í nýrri Heilsustefnu borgarinnar. Ný EKKO-stefna var samþykkt í borgarráði í júlí og hafinn er undirbúningur að nýju verklagi vegna hennar. Áfram var unnið að innleiðingu jafnlaunakerfis og fór fimmta jafnlaunaúttektin fram í maí sl. Nýtt onboarding form í Ráðný umsóknarkerfinu var tekið í notkun og gerir þessi virkni lok ráðningaferlisins mun skilvirkari en áður þar sem nýtt starfsfólk getur nú skilað öllum gögnum í gegnum eina gátt. Allir kjarasamningar sem Reykjavíkurborg gerir við viðsemjendur runnu út 31. mars sl. og fóru viðræður í gang á vormánuðum og var gengið frá fjórum kjarasamningum í júní og júlí.	Mannauðsstefna	MOS
<b>Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar</b>	Verkefnið Græn skref í starfsemi Reykjavíkurborgar snýst um að efla vistvænan rekstur í starfsemi borgarinnar ásamt því að skapa fordæmi í því að minnka umhverfisáhrif sveitarfélagsins með kerfisbundnum hætti. Tilgangur grænna skrefa er að gera alla starfsemi Reykjavíkurborgar umhverfissvænni, draga úr rekstrarkostnaði, gera aðgerðir í umhverfismálum sýnilegri, auka vellíðan starfsmanna og bæta starfsumhverfi og gera Reykjavíkurborg að fyrirmynd annarra í umhverfismálum. Unnið verður áfram að því að fleiri vinnustaðir ljúki fleiri skrefum á árinu 2024. Stefnt er að endurskoðun á Grænu skrefa verkefni 2024-2025.	Í vinnslu - 2/2 2025	Í lok júní 2024 höfðu samtals 62 skref verið stigin á árinu og samtals 924 umhverfissvænar aðgerðir verið uppfylltar. 17 vinnustaðir höfðu lokið einhverju skrefi eða skrefum. Þar af luku 13 staðir 4. skrefinu! Nú eru samtals 39 vinnustaðir komnir með 4. skrefið. Nú er hafin vinna við að breyta framkvæmd og skipulagi Grænna skrefa. Áætlað að breytingamar verði tilbúnar í byrjun árs 2025.	Loflagsstefna Umhverfis- og auðlindastefna	USK
<b>Stafræn umbreyting og rafvæðing þjónustuferla</b>	Stafræn umbreyting og rafvæðing þjónustuferla er mikilvægur liður í því að bæta þjónustu við íbúa Reykjavíkur. Markmiðið er að færa þjónustuna nær íbúum með því að bjóða upp á rafrænar umsóknir, aðgengilega hönnun og mannlegt viðmót í stað umsókna á pappírseyðublöðum. Vinnan byggir á markmiðum þjónustustefnu borgarinnar, sem er að bæta, rafvæða og einfalda þjónustu Reykjavíkur.	Í vinnslu - 2/2 2025	Árið 2023 var þriðja og síðasta árið í stórfelldri fjárfestingu Reykjavíkurborgar í stafrænum fjárfestingu Reykjavíkurborgar í stafrænum innviðum og þjónustubreytingu. Stærstu ferlar borgarinnar hafa nú verið stafvæddir og upplýsingatækniinnviðir uppfærðir.	Þjónustustefna	ÞON
<b>Innleiðing þjónustustefnu</b>	Reykjavíkurborg er þjónustuaðili þar sem stærstur hluti starfsemi borgarinnar felst í að veita íbúum, fyrirtækjum og gestum þjónustu með einum eða öðrum hætti. Tilkoma þjónustustefnu Reykjavíkurborgar árið 2016 markaði þáttaskil í þjónustu borgarinnar. Innleiðing hennar er langtímaverkefni sem snýst að miklu leyti um breytingu á hugarfari og krefst samstöðu og skuldbindingar hjá öllu starfsfólki borgarinnar. Þjónustustefnan var uppfærð árið 2021.	Í vinnslu - 2/2 2025	Sérstök áætlun vegna fjórðu aðgerðar alþjóðastefnunnar, alþjóðleg samstarfsverkefni, var uppfærð m.a. í tengslum við úttekt Stofnunar stjórnsýslufræða við HÍ. Uppfærð áætlun var samþykkt í forsætisnefnd í vor. Í kjölfarið var auglýst eftir nýjum verkefnisstjóra. Vinna við aðrar aðgerðir alþjóðastefnu (1,2,3,5,6 og 7) lá niðri vegna anna við önnur verkefni í atvinnu- og borgarþróunarteymi en stefnt er að því að taka hana upp á ný haustið 2024.	Þjónustustefna	ÞON

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lykilstefna	Svið
<b>Innleiðing Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030</b>	Innleiða á Alþjóðastefnu Reykjavíkur til 2030 skv. aðgerðaáætlun í sjö liðum, þ.m.t. að skipa starfshóp um alþjóðamáli sem starfar þvert á borgarkerfið. Núgildandi aðgerðaáætlun horfir að mestu til umbóta í fyrirkomulagi alþjóðamála í stjórnerfi borgarinnar. Lögð er áhersla á reglubundna endurskoðun.	Í vinnslu - 2/2 2025	Sérstök áætlun vegna fjórðu aðgerðar alþjóðastefnunnar, alþjóðleg samstarfsverkefni, var uppfærð m.a. í tengslum við úttekt Stofnunar Stjórnslufræða við HÍ. Uppfærð áætlun var samþykkt í forsætisnefnd í vor. Í kjölfarið var auglýst eftir nýjum verkefnisstjóra. Vinna við aðrar aðgerðir alþjóðastefnu (1,2,3,5,6 og 7) lá niðri vegna anna við önnur verkefni í atvinnu- og borgarþróunarteymi en stefnt er að því að taka hana upp á ný haustið 2024.	Alþjóðastefna	SBB
<b>Innleiðing ISO-staðla í starfsemi Reykjavíkurborgar</b>	Mæla stöðu borga með tilliti til sjálfbærni. Staðlarnir samanstanda hver um sig af 60-150 mælikvörðum í 17 yfirflokkum sem stýra og mæla frammistöðu borga á hverju áherslusviði fyrir sig. Alls innihalda staðlarnir 250 mælikvarða. Hægt er að tengja hvem og einn mælikvarða við undirmarkmið Heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna og er þessi vinna því góður undirbúningur fyrir innleiðingu þeirra.  ISO 37120 um þjónustuveitingu borga og lífsgæði íbúa þeirra. Staðallinn mælir umhverfislega, efnahagslega og samfélagslega sjálfbærni borga og gerir þeim kleift að fylgjast með eigin vegferð og bera sig saman við aðrar borgir.	2/2 2025	Í janúar 2023 hófst gagnasöfnun fyrir þriðju uppfærslu af ISO 37120 og aðra uppfærslu fyrir bæði ISO 37122 og ISO 37123. Ákveðið var að safna gögnum fyrir alla þrjá staðlana samtímis í fyrsta skipti. Staðan í júlí 2023 var þannig að gagnasöfnun var að miklu leyti lokið en erfitt reyndist að fá gögn fyrir nokkra mikilvæga mælikvarða frá aðilum utanhúss þannig vottun tafðist aðeins. Vottun fyrir alla þrjá staðlana var lokið í lok árs 2023. Reykjavík er ein af fyrstu borgunum sem innleiða staðlana þrjá samtímis. Samkvæmt upprunalegum samningi við WCCD þá er Reykjavíkurborg skuldbundin til þess að uppfæra alla þrjá staðlana þrisvar. Það sem eftir er á þessum tímapunkti er ein uppfærsla af bæði ISO 37122 og ISO 37123. Sú vinna hófst á seinni helmingi ársins 2023 en var ekki lokið í desember 2023. Þessar tvær seinustu vottanir upprunalegs samnings koma á fyrstu mánuðum 2024.  Staðan í júlí 2024 var þannig að gagnasöfnun og vottun fyrir alla þrjá ISO-staðlana hafði farið fram þrisvar sinnum. Upprunalegur samningur sem gerður var við WCCD árið 2020 var því uppfylltur. Vinna við að skilgreina hvar verkefnið á heima innan Reykjavíkurborgar var í gangi og samtal um áframhaldandi samstarf við WCCD og vottun á stöðlunum var farið af stað. Fyrir liggur að tryggja hagnýtingu niðurstaðna í starfsemi borgarinnar með því að tengja mælikvarða staðlanna við helstu stefnur. Verkefnið gefur upplýsingar um stöðu borgarinnar í þeim málaflokkum sem staðlarnir tengjast og gefa tækifæri til samnbúðar við aðrar borgir og gagnadriðinnar ákvarðana tóku. Einnig geta staðlarnir nýst til að meta áhrif stefna og aðgerða borgarinnar, að því gefnu að horft sé á verkefnið sem langtíma verkefni. Mikilvægt er að næstu skref verði að skilgreina hvemig verkefnið heldur áfram fyrst að samningur við WCCD er uppfylltur að fullu. Vinna við það að tengja ISO-mælikvarðana, ásamt einhverjum innanhúsmælikvörðum, við Græna planið var langt á veg komin í júlí 2024. Viðeigandi mælikvarðar verða tengdir við hvert undirmark Græna plansins. Sú vinna er unnin í samstarfi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara og fjármála- og áhættustýringasviðs.  Til viðbótar má bæta því við að Reykjavík býðst nú að innleiða nýjan staðal frá ISO í samstarfi við WCCD, ISO 37125 ESG. Staðallinn er ákveðið sambland frá hinum þremur og borgin fengi því sjálfkrafa vottun á hann, enginn aukakostnaður myndi fylgja því að innleiða þann staðal. Innleiðingarteymi hefur mælt með því að innleiða staðalinn allavega í fyrsta skipti á meðan það kostar Reykjavíkurborg ekkert.	Tengist inn á allar stefnur	FAS



# Samvinna við fyrirtæki borgarinnar

1/1

Heiti aðgerðar	Lýsing, markmið og helstu vörður	Staða & verklok	Stöðulýsing – 1. júlí 2024	Lýkilstefna	Svið
<b>Samráð Reykjavíkurborgar og B-hluta fyrirtækja hennar og tengdra félaga um Græna planið</b>	Reglubundið samráð verði á milli Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar um Græna planið og einstaka samstarfsverkefni sem sum fyrirtækin eða öll koma að.	Í vinnslu - 2/2 2025	Mikið samráð hefur verið milli Reykjavíkurborgar og B-hluta fyrirtækja hennar í tengslum við Græna planið. Hér má t.a.m. nefna gerð skýrslna og aðgerðaáætlana til að flýta fyrir orkuskiptum og styrkja hringrásarhagkerfið. Auk þess er loftlagsborgarsamningur lykilkáttur í að draga úr losun í Reykjavík en þar gegna B-hluta fyrirtækin lykilhlutverki í fjölda aðgerða. Reglulegt samtal á sér stað við Veitur vegna húsnæðisáætlunar og innviðauppbýggingar og auk þess eru aðilar B-hluta fyrirtækja með í mótun hringrásargarðs á Álfsnesi.	Græna planið	SBB
<b>Orkuskipti í Reykjavík</b>	Samstarf um orkuskipti á næstu árum með þátttöku borgarinnar og fyrirtækja hennar til að tryggja markviss og góð orkuskipti á næstu árum.	Í vinnslu - 2/2 2025	Starfshópur um hröð orkuskipti með B-hluta fyrirtækjum og Betri samgöngum hittist reglulega og vann að skýrslu um stöðu aðgerða auk þess að leggja til nýjar aðgerðir sem geta flýtt orkuskiptum í Reykjavík.  Starfshópurinn skoðar m.a. þessi mál: Flýta orkuskiptum hjá Strætó og Betri samgöngum, staðsetning bælistöðva og hleðslustöðva þeirra, orkuskipti Faxalóahafna, Evrópustyrkir sem gætu nýst B-hluta fyrirtækjum, grænni bygginga svæði og bætt samtal við Veitur, hraðhleðslustæði í borginni, forgangur fyrir hreinorkuleigubíla, orkugjafa fyrir þungaflutninga og innviði fyrir stærri bíla, hleðsluþörf á starfsstöðum Reykjavíkurborgar.	Græna planið Loftlagsstefna	SBB
<b>Græn fjármál Reykjavíkur</b>	Samstarf um græn innkaup, sjálfbæra og félagslega fjármögnun og önnur græn fjármál til að drífa áfram græna planið á næstu árum fyrir Reykjavíkurborg og fyrirtæki hennar.	Í vinnslu - 2/2 2025	Reykjavíkurborg uppfærði á árinu 2023 grænan ramma Reykjavíkurborgar sem skilgreinir þau grænu verkefni sem falla undir fjármögnun með grænum skuldabréfum; nýi ramminn tók við af eldri ramma frá árinu 2018 en þá voru fyrstu grænu skuldabréfin gefin út; frá þeim tíma hafa reglulega verið gefin út græn skuldabréf. Á árinu 2023 voru græn skuldabréf að markaðsvirði 4.897 m.kr. gefin út. Útgáfa á grænum skuldabréfum er hluti af árlegri fjármögnun Reykjavíkurborgar og er háð því að fyrir hendi séu græn verkefni eins og þau eru skilgreind í grænum fjármögnunarramma borgarinnar og samþykkt af valnefnd. Útgáfa grænna skuldabréfa er verkefni sem er í gangi.	Græna planið	SBB
<b>Hringrásarhagkerfið í Reykjavík</b>	Stefnumótun fyrir hringrásarhagkerfið í borginni með aðkomu fyrirtækja borgarinnar, sem tekur til söfnunar og miðlunar, innkaupa og fráveitna, t.d. nýtingu á glatvarma, en einnig langlífi hluta, endurnýtingu og aðgerðir gegn plastmengun og matarsóun.	Í vinnslu - 2/2 2025	Starfshópur um hringrásarhagkerfi í Reykjavík hittist reglulega og hóf skýrsluskrif.  Starfshópurinn skoðar m.a. þessi mál: Hringrásarmiðstöð (textill / Sorpa), nýting metans, nýting fráveituúrgangs og bætt nýting bakrásarvatns hitaveitu.	Græna planið Loftlagsstefna	SBB
<b>Stafræn umbreyting</b>	Samstarf Reykjavíkurborgar og fyrirtækja hennar til að flýta fyrir og festa í sessi stafræna umbreytingu í borginni.	Í vinnslu - 2/2 2025	Verkefninu er lokið. Tillögum var skilað til borgarstjóra í júní 2022 og voru til vinnslu á skrifstofu borgarstjóra og borgarritara. Tillögum starfshóps var komið í viðeigandi farveg.	Græna planið Þjónustustefna	SBB



# Reykjavík

Áfangaskýrsla  
Græna plansins

janúar – júní 2024

